

Föstudaginn 25. mars 1983.

Nr. 150/1980. **Gríma Guðmundsdóttir**

(Brynjólfrur Kjartansson hrl.)

gegn

Danielle Somers Jónsson

og

Ólafi Rafni Jónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjölþýlishús. Náðýlisréttur. Eigenda dæmt skylt að flytjast úr eigin íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980. Hann krefst þess, að stefndu verði gert skylt að flytja úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau búa nú, en íbúð þessi er þinglýst eign stefndu Danielle. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim tildæmdur málkostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Verður efni þeirra rakið hér á eftir:

1. Lögregluskýrsla frá 25. apríl 1980 varðandi kvörtun áfrýjanda um, að hún óttaðist, að verið væri að brjóta burðarveggi eða gólf í íbúð stefndu. Lögregla staðreyndi, að unnið væri að múrbrotum með loftpressu í íbúð stefndu, en skýrslan er afgreidd með áritun um, að ekki sé ástæða til aðgerða.

2. Bréf ríkissaksóknara til bæjarfógetans á Akureyri, dagsett 28. apríl 1980, þar sem krafist er, að stefndu verði án tafar látin

sæta strangri lögregluáminningu samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga vegna ofsókna og ónæðis í garð áfrýjanda og Dusine Kristjánsson. Er þar lagt fyrir bæjarfógetann að láta gera sérstaka lögregluskýrslu um áminninguna og senda síðan ríkissaksóknara málið allt. Hinn 10. nóvember 1981 eru gerðar tvær lögregluskýrslur um áminningar þær, sem greinir í framangreindu bréfi ríkissaksóknara frá 28. apríl 1980. Er síðan gerð tilraun til þess að birta áminninguna fyrir stefnda Ólafi Rafni hinn 11. nóvember 1981 og stefndu Danielle Somers hinn 18. sama mánaðar með þeim árangri, að Ólafur Rafn hlýddi á áminninguna, en mótmælti henni og neitaði að undirrita yfirlýsingu um, að honum hefði verið birt hún, en Danielle yfirgaf lögreglustöð, áður en henni yrði birt áminningin, þrátt fyrir kröfu lögreglumanns um, að hún yrði kyrr.

3. Samkvæmt lögregluskýrslu frá 31. maí 1979 var brotið gat í gegnum gólfplötu neðri hæðar úr forstofu niður í salernisherbergi í kjallara.

4. Lögregluskýrsla frá 12. júní 1980 um pípulagnir á vegum stefndu í sameiginlegu húsrými stefndu Danielle og áfrýjanda án samráðs við áfrýjanda.

5. Lögregluskýrslur gerðar á tímabilinu 9. nóvember til 12. nóvember 1981 um brot steinveggjar í kjallaraforstofu og endurreisn hans undir lögregluvernd. Þar er þess einnig getið, að jafnframt hafi verið hlaðið upp í þvottahúsdýr, en hurð í þeim dyrum hafi verið brotin upp um það leyti sem veggurinn var brotinn niður.

Af lögregluskýrslum þessum kemur fram, að áfrýjandi hafi kvatt lögreglu á vettvang hinn 9. nóvember vegna þess, að stefndu væru að láta brjóta niður vegg í kjallara. Lögreglumenn þeir, sem á vettvang komu, sáu, að veggurinn hafði verið brotin niður, og að allt var á tjá og tundri í gangi kjallaraíbúðarinnar og mikill rykmökkur þar og öll húsgögn og annað dót, sem í ganginum var, hulið ryki. Hittu lögreglumenn á vettvangi 2 menn frá Reykjavík, sem höfðu gagnert komið til Akureyrar til þess að brjóta vegginn að beiðni stefnda Ólafs Rafns.

Samkvæmt lögregluskýrslu 11. nóvember 1981 viðurkenndi

stefndi Ólafur Rafn fyrir lögreglu að hafa fengið menn þessa til þess að brjóta vegginn, sem hann taldi reistan á eignarhluta konu sinnar, en um för manna þessara inn í húsnæði áfrýjanda segir hann: „Varðandi meint innbrot úr þvottahúsi inn á gang í kjallara þá tel ég, að þarna hafi (ég) aðeins verið að ganga um minn eignarhluta. Hins vegar braut ég ekki upp þessa hurð og stóð ekki að því.“

Íbúi í kjallara, Dusine Kristjánsson, kveðst hafa verið fjarverandi stutta stund hinn 9. nóvember 1981, en þegar hún hafi komið til baka, hafi hún ekki komist inn í innri forstofu íbúðar sinnar vegna þess, að dyr hafi verið lokaðar. Fljótlega hafi lögreglan komið á staðinn og hún þá komist inn. Lögreglumenn, sem á vettvang komu, kváðu dyr ekki hafa verið læstar, heldur hafi stóll verið settur fyrir hurð inni í forstofunni, sem múrbrotsmennirnir störfuðu í, þannig að eigi varð opnað utan frá. Dusine skýrði lögreglumönnum frá því, að hurð milli þvottahúss og kjallaraforstofu hafi verið óskemmd, er hún fór úr íbúð sinni stuttu áður.

II.

Hér á eftir verður fjallað um þær ávirðingar, sem á stefndu eru bornar og frá er greint í héraðsdómi.

1. Samkvæmt vottorði heilbrigðisfulltrúa Akureyrar var eins konar sorphaugur í lokuðum gangi milli húss og bílskúrs á tímabilinu frá 6. apríl til 16. apríl 1977, en stefndi Ólafur Rafn fékkst ekki til að fjarlægja sorpið, fyrr en heilbrigðisfulltrúi hótaði að láta gera það á Ólafs kostnað og undir lögregluvernd.

2. Sunnudaginn 24. júlí 1977 gerir lögreglan á Akureyri skýrslu um þann atburð sama dag, að öll öryggi voru skrúfuð úr sambandi í rafmagnskerfi kjallaraíbúðar, sem Dusine Kristjánsson bjó í, og að búið var að raða síldarflökum í hurðarfals skáps þess, sem áfrýjandi og Dusine þurftu að teygja sig í gegn um til þess að komast að rafmagnstöflu. Stefnda Danielle viðurkenndi í sakadómi að hafa komið flökunum fyrir. Skýringar hennar á þessu framferði eru fráleitar og verkið sýnilega unnið til þess eins að valda áfrýjanda og leigjanda hennar vandræðum.

3. Eftir að eldur kom upp í kjallaranum 26. júlí 1977, var numið brott timburskilrúm, er aðskildi eignarhlutana, en áfrýjandi hugðist láta reisa nýtt skilrúm. Hinn 11. ágúst 1977 fékk stefndi Ólafur Rafn lagt lögbann við þeirri athöfn Grímu Guðmundsdóttur að skipta sameign í kjallara Þingvallastrætis 22. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að mál var eigi höfðað til staðfestingar lögbanninu. Lét áfrýjandi hlaða steinvegg í kjallara hinn 22. ágúst 1977. Gögn málsins sýna, að spell hafa margsinnis verið unnin á vegg þessum. Samkvæmt lögregluskýrslum höfðu verið boruð eða brotin göt á vegginn 23. ágúst 1977 og sömuleiðis næsta dag. Hinn 22. apríl 1979 höfðu enn verið rekin eða brotin göt á vegginn. Fimm dögum síðar var brotið gat á vegginn, og höfðu múrbrot kastast allt inn í stofu í íbúð Dusine Kristjánsson, en stofudyr eru á móts við þann stað, þar sem spellin voru unnin. Loks var brotið allstórt gat á vegginn 23. ágúst 1979, en það virtist hafa verið gert til þess að nema brott pipu, sem lá þar í gegn að ofni í íbúð stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að veggurinn hafi verið reistur á öðrum stað en timburskilrúmið var, þannig að gengið hafi verið á eignarhluta þeirra, og stefndi Ólafur Rafn hefur skýrt svo frá, að ranglát og fíranleg skipting eignarhluta í húsinu sé undirrót að sundurþykkju þeirri, sem orðið hafi með íbúum hússins. Ekki hafa stefndu þó reynt að fá hlut sinn að þessu leyti réttan eftir löglegum leiðum.

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, þykir ljóst, að spellvirki þau á milliveggnum, sem lýst hefur verið, hafi öll verið unnin frá íbúð stefndu, og verður að telja sannað, að þau beri ábyrgð á þeim. Þykir eigi efamál, að spellin hafi a. m. k. öðrum þræði verið unnin í því skyni að valda áfrýjanda og leigjanda hennar ama og vandræðum.

Því var lýst undir í hér að framan, að stefndu létu brjóta margnefndan vegg niður hinn 9. nóvember 1981.

4. Samkvæmt lögregluskýrslu 26. apríl 1979 um vettvangsgöngu vegna kvartana áfrýjanda og leigjanda hennar verður að telja sannað, að hávaðavaldi, útvarpstæki eða öðru hljómfletningstæki, hafi verið komið fyrir við op að skáp í kjallaraíbúð í því skyni að valda ónæði þar.

5. Sannað er með framburði vitna, að stefnda Danielle meinaði áfrýjanda að láta slá túnblett við húsið hinn 2. júlí 1979 og réðst síðan á áfrýjanda, er áfrýjandi gerði tilraun til þess að færa til á túnblettinum hindranir, er stefnda hafði komið þar fyrir.

6. Samkvæmt skýrslum lögreglu 4. og 5. nóvember 1978 létu stefndu án samráðs við áfrýjanda brjóta niður hluta viðbyggingar, bæði séreign sína og sameign með áfrýjanda. Um þetta vísast einnig til fundargerðar byggingarnefndar Akureyrar 25. september 1979.

III.

Auk þess, sem að framan greinir, eru meðal gagna málsins skýrslur lögreglu um ýmis fleiri atvik, sem áfrýjandi telur renna stóðum undir kröfu sína. Skýrslur lögreglu frá 4. og 8. október 1979 fjalla um múrbrot í íbúð stefndu og mikinn hávaða, er af því leiddi, en ósannað þykir, að verk þessi hafi verið unnin af meinfýsi. Rannsókn um eldsvoða í kjallara hússins 26. júlí 1977 leiddi ekki í ljós, hvað honum olli. Þá liggja fyrir lögregluskýrslur út af kvörtunum um, að vatni hefði verið sprautað á tröppur áfrýjanda í frosti, að vatni hefði verið sprautað eða skvett á rafmagnstöflu hússins og að vatnsleiðsla hefði verið rofin, en eigi þykja fram komnar sannanir um þessar sakargiftir.

IV.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, ritaði Jóhannes L. L. Helgason, hæstaréttarlögmaður, þáverandi lögmaður áfrýjanda, Stefáni Pálssyni hæstaréttarlögmanni, þáverandi lögmanni stefndu Danielle aðvörunarbréf samkvæmt 17. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús hinn 17. ágúst 1977. Þá aðvörun ítrekaði hann með bréfi til stefndu Danielle sjálfrar 8. desember 1978.

Af réttarsambandi aðilja máls þessa sem sameigenda að fasteigninni nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri leiðir það, að þeim ber skylda til að stuðla að því eftir megni, að hvor þeirra um sig geti ótruflaður hagnýtt sér sinn hluta eignarinnar á eðlilegan og lögmæt-an hátt.

Með lögregluskýrslum þeim og vitnaframburðum, sem greint er frá hér að framan, svo og öðru, sem fram er komið í máli þessu, verður að telja sannað, að stefndu hafi gerst sek um stórkostleg

og ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart áfrýjanda. Samkvæmt þessu og með vísan til 17. gr. laga nr. 59/1976 ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að stefndu verði gert skylt að flytjast úr íbúð þeirri, sem þau búa nú í, að Þingvallastræti 22, en eftir atvikum og með vísan til 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981, þykir rétt að setja þeim þriggja mánaða frest í því skyni.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafi Rafni Jónssyni, er skylt að flytjast innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau búa nú.

Stefndu greiði óskipt áfrýjanda, Grímu Guðmundsdóttur, 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. júní 1980.

Mál þetta, sem þingfest var 15. nóvember 1979 og dómtekið 2. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður höfðað með stefnu, útgefinni í Reykjavík 9. nóvember 1979 f. h. Grímu Guðmundsdóttur, Þingvallastræti 22, Akureyri, á hendur Danielle Somers Jónsson og Ólafi Rafni Jónssyni, báðum til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri, til viðurkenningar á skyldu þeirra til að flytja úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22, Akureyri, þar sem þau nú búa, en íbúð þessi er þinglesin eign stefndu Daniéle. Þá er gerð krafa um, að stefndu greiði stefnanda málskostnað in solidum að mati dómsins. Áskilinn er réttur til að höfða mál síðar til heimtu bóta úr hendi stefndu vegna tjóns þess, er þau hafa valdið stefnanda í sambýlinu.

Með stefnu, útgefinni í Reykjavík 14. nóvember 1979, gagnstefnir Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður f. h. stefndu Danielle Somers Jónsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, og Ólafs Rafns Jónssonar, sama stað, stefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Þingvallastræti 22, Akureyri, í máli þessu. Kröfur gagnstefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að gagnstefndu, Grímu Guðmundsdóttur, sé skylt að flytja brott úr húseigninni

Þingvallastræti 22, Akureyri, og jafnframt verði viðurkennt með dómi réttarins, að gagnstefndu Grímu sé óheimilt að leigja út herbergi í kjallara hússins sem íbúð eða íbúðarherbergi og að henni sé óheimilt að leigja út bílskúr á lóð hússins til bifreiðaviðgerða eða annarra nota, sem eru umfram almennan rétt íbúðareigenda í fjölbýlishúsi til hagnýtingar bílageymslu á sameiginlegri lóð. Þá krefjast gagnstefnendur málskostnaðar úr hendi gagnstefndu, hver svo sem málsúrslit verða.

Í aðalsök krefjast aðalstefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur.

Í gagnsök krefst gagnstefnda, Gríma Guðmundsdóttir, algerrar sýknu af kröfum gagnstefnanda, svo og krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Á dskj. nr. 3 liggur frammi í málinu yfirlýsing lögmannna aðilja, þar sem þeir lýsa því yfir f. h. umbj. sinna, að útilokað sé, að sátt komist á fyrir sáttamönnum og sé því samkomulag um, að gengið verði fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Aðalstefnandi kveður málavexti þá, að með afsali, dags. 19. mars 1975, hafi aðalstefnda Danielle eignast hluta af fasteigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, þ. e. íbúð á neðri hæð hússins ásamt geymslu í kjallara og undir útidyratröppum, 1/4 hluta viðbyggingar og hlutdeild í þvottahúsi í kjallara. Aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, sé eigandi hússins að öðru leyti. Búi aðalstefndu ásamt börnum sínum í íbúðinni á neðri hæð hússins, en aðalstefnandi eigi íbúð á efri hæð hússins svo og leigi hún út íbúð í kjallara hússins og sé leigutaki þar Dusine Kristjánsón. Skemmst sé frá því að segja, að framkoma aðalstefndu í sambýlinu hafi verið með ólíkindum og verði alls ekki lengur við það unað. Verða hér tilfærð nokkur atriði:

Aðalstefndu hafi reynst ófáanleg til að standa að gerð skiptayfirlýsingar um húseignina, svo sem lög standa til. Þá hafi þau ekki viljað hlýta skiptingu á afnotum af þvottahúsinu né heldur hafi þau verið til viðtals um að standa að nauðsynlegu viðhaldi á húseigninni né raunar neitt það, sem lýtur að sameign og sambýlisháttum. Aðalstefndu hafi einokað þvottahúsið og talið sér heimilt að nota það nætur sem daga, helga daga sem virka. Aðalstefndu, annað hvort eða bæði, hafa rofið vatnsleiðslu til eignarhluta aðalstefnanda og hafi því aðeins verið komið í lag fyrir atbeina fógeta. Hafi þau síðan ítrekað lokað fyrir vatn í leiðslunni með krana, sem á henni er, þar sem leiðslan liggur um eign aðalstefndu Danielle. Aðalstefndu hafi á ýmsum tímum safnað sorpi í sameiginlegt rými og á lóð. Aðalstefndi Ólafur hafi í nóvember 1978 látið rífa hluta af viðbyggingu við Þingvallastræti 22 gegn mótmælum aðalstefnanda, sem kvaddi lögreglu á vettvang til að hindra framkvæmdina, þó það kæmi raunar fyrir ekki. Aðalstefnda

Danielle hafi verið staðin að því að sprauta í verulegu frosti vatni á tröppur aðalstefnanda og stofnað þar með til verulegrar slysaðattu og vandræða fyrir hana og aðra.

Með bréfi, dagsettu 8. desember 1978, hafi Danielle Somers Jónsson verið veitt aðvörun samkv. 17. gr. laga nr. 59/1976. Sú aðvörun hafi engan árangur borið, því eftir að hún hafi verið veitt, hafi aðalstefndu, annað hvort eða bæði, rofið vegg, sem aðskilur eignarhluta í kjallara hússins að Þingvallastræti 22. Ýmsum óþverra hafi verið hent inn í íbúðina í kjallaranum, en þó hafi steininn tekið úr, þegar hent hafi verið inn í íbúðina hamarshaus og hann skolið á hurð og stórslys hefði getað hlotist af. Þá hafi útvarpstæki eða segulbandstæki verið látið glymja þindarlaust við hinn rofna vegg, augljóslega til að valda íbúum í kjallara óþægindum, sem raunar hafi tekist mæta vel. Þá hafi verið lokað fyrir vatn til aðalstefnanda, ítrekað eftir að aðvörun hafi verið veitt, og aðalstefndu hafi yfirleitt ekki sýnt neinn lit á því, að þau hafi tekið þeim sinnaskiptum, að þau séu hæf í sambýli.

Þar sem allar tilraunir til að fá aðalstefndu til að taka upp eðlilega og viðunandi sambýlisháttu hafi reynst árangurslausar, eigi aðalstefnandi ekki annarra kosta völ en að krefjast þess, að aðalstefndu víki úr húsnæðinu.

Gagnstefnendur lýsa málavöxtum þannig:

Í ársbyjum 1975 hafi þau keypt hluta af fasteigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, þ. e. íbúð á fyrstu hæð hússins ásamt hluta í kjallara, 1/4 hluta viðbyggingar og hlutdeild í þvottahúsi í kjallara og annarri sameign. Gagnstefnda Gríma sé eigandi fasteignarinnar að öðru leyti. Fasteignin að Þingvallastræti 22 sé tvíbýlishús, hálfniðurgrafinn kjallari, sem í eru geymsluherbergi, miðstöðvarklefar og þvottahús, og ofan á kjallaranum séu tvær íbúðarhæðir. Gengið sé inn í eign gagnstefnanda á fyrstu hæð um tröppur við húsið að vestanverðu, en gengið sé inn í íbúð gagnstefndu um tröppur við húsið að austanverðu. Er gagnstefnendur keyptu sinn hluta fasteignarinnar, hafi þeim verið kunnugt um, að gagnstefnda bjó ein á efri hæð hússins, en ekki hafi þeim verið kunnugt um aðra íbúa í húsinu. Fljótlega eftir að þau fluttu í húsið, hafi þó komið í ljós, að gömul kona að nafni Dusine Kristjánsson bjó í kjallar hússins í geymsluherbergjum, sem tilheyra gagnstefndu Grímu. Kjallari þessi hafi ekki verið samþykktur sem íbúð. Þar hafi ekki verið eldhús né heitt baðvatn, en salernisskál mun hafa verið þar. Sameiginlegt þvottahús sé í kjallara hússins og hafi gagnstefnendur orðið að fara í það um dyr á útvegg hússins, en innangengt hafi verið í þvottahúsið úr þeim hluta kjallarans, sem áður nefnd Dusine hafðist við í. Er gagnstefnendur keyptu eignina, hafi þeim verið tjáð, að sameigandi þeirra, gagnstefnda Gríma, notaði aldrei þetta þvottahús, því hún væri með þvottavél uppi á íbúðarhæð sinni. Þetta hafi reynst rétt og hafi gagnstefn-

endur ekki orðið vör við það, að gagnstefnda Gríma hafi notað þvottahúsið. Í upphafi hafi ekkert sérstakt um sambýlið við Grímu verið að segja og engir árekstrar orðið með gagnstefnendum og henni. Aðra sögu hafi verið að segja um áður nefnda Dusine, því fljótlega hafi komið í ljós, að hún var sí og æ eitthvað að sýsla í þvottahúsinu. Auk þess að þvo þar þvott sinn á gamaldags hátt í þvottabala með þvottabretti og tilheyrandi sullugangi þá muni gamla konan væntanlega hafa verið að ná sér í heitt og kalt vatn, en ekkert slíkt hafi verið í vistarverum hennar. Hún hafi líka haft þann leiða sið að skvetta í sífelli úr skolpfötu á gólf þvottahússins, þannig að skolp skvettist upp á þvottavél og þurrkara gagnstefnenda. Hafi gagnstefnendur að vonum orðið mjög sár og leið yfir því að vera flutt í tvíbýlishús, að því að þau ætluðu einungis með öðrum íbúa, en vakna svo upp við það, að eins konar þriðja íbúðin var í húsinu og íbúi hennar erfiður í sambýli. Árekstrar hafi orðið með gagnstefnendum og íttnefndri Dusine út af afnotum þvottahúss og hafi gagnstefnendur kvartað undan þessu við gagnstefndu Grímu. Hafi Gríma tekið þetta óstinnnt upp og í stað þess að segja gömlu konunni upp og láta hana víkja úr kjallaranum eða leggja fyrir hana að nota þvottahúsið sem minnst og þá á mannsæmandi hátt, þá hafi gagnstefnda Gríma byrjað eins konar skæruhernað gegn gagnstefnendum. Hafi hún oft skrifað fyrir vatnsinntak í húsið án samráðs við gagnstefnendur, ráðist í ýmiss konar framkvæmdir á sameign, t. d. að mála grindverk án samráðs við gagnstefnendur, svo og hafi allar athafnir áður nefndrar Dusine magnast í þvottahúsinu.

Að kvöldi þess 26. júlí 1977 varð bruni í kjallara hússins að Þingvallastræti 22. Gagnstefnandi Danielle hafi fyrst orðið vör við brunann og hafi hún gert slökkviliði þegar viðvart. Er rannsókn á brunanum hófst, hafi þær gagnstefnda Gríma og Dusine Kristjánsson borið þær röngu sakargiftir á Danielle, að hún hefði valdið íkveikjunni. Hafi þetta orðið þess valdandi, að Danielle hafi verið leidd fyrir sakadóm Akureyrar sem brennuvargur, en þeir sérfróðu menn, er dómkvaddir voru til að rannsaka orsakir þessa bruna, hafi komist að þeirri niðurstöðu, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða. Nokkrar skemmdir hafi orðið af bruna þessum, m. a. hafi brunn- ið timburpil, sem skildi að eignir gagnstefnanda og gagnstefndu í kjallara hússins. Í stað þess að hafa samráð við gagnstefnendur um, á hvern hátt þilið yrði endurreist, hafi gagnstefnda Gríma látið hlaða vegg, þar sem þilið hafi áður verið, en þó á þann hátt, að hún hafi sölsað undir sig nokkra fermetra af eign gagnstefnenda. Hafi gagnstefnendur mótmælt veggbyggingu þessari, en gagnstefnda lét reisa vegginn engu að síður og hafi notið til þess lögregluaðstoðar.

Eftir að ofanefndur bruni varð og veggurinn ranglega reistur og ásakanir settar fram á hendur gagnstefnendum í sakadómi, hafi magnast mjög

ósamkomulag með gagnstefnendum og gagnstefndu. Hafi gagnstefnda Gríma öll færst í aukana með skæruhernað sinn gegn gagnstefnendum og megi þar til nefna, að hún hafi leigt út bílskúr á sameiginlegri lóð til bíla- viðgerða, leigt út hluta af íbúð sinni á efri hæð hússins til fólks, sem hafði uppi mikla háreysti um nætur, laumast til þess að næturþeli að mála grind- verk við húsið án samráðs við gagnstefnendur og komið því svo fyrir, er starfsmenn hitaveitu Akureyrar lögðu heimtaug að húsinu, að hitaveitu- inntak hafi einungis verið lagt inn í séreign hennar, þó svo að gagnstefn- endur hafi upphaflega pantað hitaveituna í húsið. Gagnstefnendur telja, að öll ofan nefnd hegðun gagnstefndu Grímu sé þess valdandi, að hún hafi fyrirgert rétti sínum til þess að búa í húsinu að Þingvallastræti nr. 22, og af því tilefni hafi henni verið gefin lokaaðvörun um ráðstafanir í samræmi við 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir fjölbýlishús nr. 280/1976. Hafi lokaaðvörun þessi verið send henni með bréfi, dagsettu 17. janúar 1979. Þrátt fyrir aðvörun þessa hafi gagnstefnda í engu linnt látum og megi nefna, að hún hringi sí og æ í lögreglu án nokkurs tilefnis, og t. d. megi nefna, að nú í sumar hafi gagnstefnendur verið að endurnýja íbúð sína og í hvert skipti, er hamars- högg heyrdist um miðjan dag úr íbúð þeirra, hafi gagnstefnda hringt á lög- reglu, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hafi ávallt komið á vett- vang og truflað starfsfrið og ró gagnstefnenda. Þar sem allar tilraunir gagnstefnenda til þess að fá gagnstefndu, Grímu Guðmundsdóttur, til að virða samþýlisreglur og rétt gagnstefnenda sem sameigenda að húsinu Þing- vallastræti 22 hafi reynst árangurslausar, eigi gagnstefndur ekki annnarra kosta vöð en að krefjast þess, að gagnstefnda víki brott af fasteigninni og jafnframt að fá dómsviðurkenningu fyrir því, að henni sé óheimilt að leigja út sinn hluta kjallarans til íbúðar og að henni sé óheimilt að leigja bílskúr út til bifreiðaviðgerða.

Verða nú málsatvik rakin samkvæmt gögnum málsins:

Með afsali, dagsettu 19. mars 1975, afsalar Jón Ágústsson gagnstefnanda frá Danielle Somers Jónsson eignarhluta sínum í húseigninni Þingvalla- stræti 22, Akureyri. Segir þar, að eignarhlutinn sé 42.85% af fasteigninni nr. 22 við Þingvallastræti, Akureyri, ásamt $\frac{1}{4}$ hluta af viðbyggingu við fasteigninga. Eignarhlutinn sé seldur ásamt lóðarréttindum og sé lóðin leigulóð í óskiptri sameign eigenda efri og neðri hæðar fasteignarinnar nr. 22 við Þingvallastræti, Akureyri. Hin selda íbúð sé á fyrstu hæð, tvær stofur, þrjú svefnhefbergi, eldhús, baðherbergi, „hall“, forstofa og búr á hæðinni ásamt geymslu í kjallara, þvottahús í óskiptri sameign í kjallara, geymsla undir útidyratröppum og geymsla í viðbyggingu. Bílskúrsréttur á lóð fylgdi hinum selda eignarhluta. Fasteignamat hins selda eignarhluta var þá kr. 1.292.600 og sé afsalsdagur hinn 1. apríl 1975.

Á dóm skjali nr. 17 ritar gagnstefnandi Ólafur Rafn Jónsson gagnstefndu, frú Grímu Guðmundsdóttur, eftirfarandi bréf þann 6. janúar 1977:

„Er við fluttum á neðri hæð hússins númer 22 að Þingvallastræti hinn 1. apríl 1975 téði seljandi íbúðarinnar okkur að rör í kjallara okkar en í eigu íbúanda efri hæðar læki, enda bar fata er undir lekanum þess órækt vitni. Var okkur téð bæði af honum og eiganda efri hæðarinnar að við þetta myndi gert við fyrstu hentugleika. Eru nú tæp tvö ár síðan þetta gerðist og hefur viðgerð enn ekki farið fram. Ekki er ósanngjarnt að ætla að allur þessi umliðni tími hefði verið nægjanlegur frestur til að hrinta viðgerð í framkvæmd.

Með tilliti til þess hve langur tími er nú liðinn síðan viðgerð var lofað áskiljum við okkur rétt til að kveðja rörlagningamann á vettvang til viðgerða á kostnað eiganda efri hæðar Þingvallastrætis 22 hafi viðgerð ekki verið lokið fyrir 14. janúar 1977.“

Á dóm skjali nr. 18 liggur frammi bréf gagnstefnanda Ólafs Rafns Jónssonar til Grímu Guðmundsdóttur, gagnstefndu, dags. 20. júní 1977, sem hljóðar þannig:

„Að marggefnu tilefni vil ég benda á að íbúðarhúsið að Þingvallastræti 22, Akureyri, er tvíbýlishús og er því aðgangur að þvottahúsi miðaður við tvenningarskipti en ekki þriðjungaskipti. Hlýt ég því að telja að hvorugur aðili hafi heimild til að framselja aðgang að notkun þvottahúss öðrum til handa.

Eru það eindregin tilmæli að tillit verði framvegis tekið til þessa atriðis þannig að eigendur og íbúendur neðri hæðar hússins verði ekki fyrir óþægindum af völdum einhvers þriðja aðila.

Enn fremur vil ég benda á að vatnsleiðsla frá efri hæð er liggur niður í baðherbergi á þeirri neðri er svo illa einangruð að veggur baðherbergisins liggur undir stórskemmdum af þessum sökum. Mun ég gera kröfu til bóta á þessu.

Að lokum vil ég taka fram að ég áskil mér rétt til að einangra heitavatnsleiðslur er liggja undir lofti kjallara fra geymi okkar, þar eð einangrunarskortur þar veldur miklu hitatapi í íbúð okkar. Mun það verk framkvæmt við fyrstu hentugleika.“

Svo sem áður er fram komið, varð bruni í kjallara hússins að Þingvallastræti 22 þann 26. júlí 1977.

Vegna brunans fór fram rannsókn fyrir sakadómi Akureyrar, og er endurrit rannsóknarinnar á dóm skjali nr. 19, og verður sú sakadómsrannsókn rakin, en rannsókn þessi fór fram 27. og 28. júlí 1977. Um upphaf brunans segir svo í skýrslu Ólafs Ásgeirssonar, aðstoðarvarðstjóra í lög-regluliði Akureyrar:

„Þriðjudaginn 26. júlí 1977 um kl. 20:30 hringdi í brunasímann Danielle

Somers, Þingvallastræti 22, og tilkynnti um eld í kjallara þess húss. Þar býr í kjallaranum eldri kona, Dusine Kristjánsson, á miðhæð umrædd Danielle ásamt manni sínum, Ólafi Rafni Jónssyni, og á efstu hæð Gríma Guðmundsdóttir.

Ég undirritaður fór strax á staðinn ásamt lögreglumönnum Valgeiri Axlessyni, Páli Þorkelssyni og Kristni Sigfússyni. Einnig kom þangað fyrsta útkall slökkviliðsins. Er þangað kom, var mikill reykur í kjallara hússins, og barst hann einnig upp á aðrar hæðir hússins.

Íbúar voru þá komnir út, en Ólafur Rafn var sagður í Reykjavík, en væntanlegur með flugvél síðar um kvöldið.

Undanfarið hefur verið nokkuð ósætti á milli Danielle annars vegar og Dusine og Grímu hins vegar, og hefur lögreglan nokkrum sinnum verið kvödd þangað vegna þess. Úr hófi hafi keyrt í dag, þegar Danielle hafði meðal annars brotið hurð fyrir rafmagnstöflu inn í íbúð Dusine. Þær Dusine og Gríma ásamt syni Dusine og hans konu voru þess fullviss, að Danielle hefði kveikt eld í geymslunni, sem rafmagnstaflan var í.

Eins og fyrr greinir, var mikill reykur í húsinu, en á meðan slökkvistarfi stóð, fór Danielle ásamt þremur ungum sonum sínum á lögreglustöðina og dvaldi þar til maður hennar kom frá Reykjavík laust eftir kl 22:00.

Slökkvistarf gekk vel, og notaði slökkviliðið m. a. reykblásara til að soga reykinn úr íbúðinni. Að slökkvistarfi loknu rannsakaði undirritaður brunaskemmdir og virtist sem kveiknað hefði í umræddri geymslu, þar sem rafmagnstaflan er, og virtist sem eldurinn hefði verið mestur í skilrúmi næst við íbúð Dusine, en rafmagnstaflan er á vegg þar á móti ca. 1 m frá. Mikið af blöðum og bókum var á gólfinu háflbrunnið, og að sögn Dusine og Grímu hafði Danielle verið að flytja þau í geymsluna síðustu daga.

Páll Pálsson ljósmyndari var fenginn til að taka ljósmyndir af brunarústunum í geymslunni. Dusine dvaldi á efstu hæð í íbúð Grímu, það sem eftir var nætur, og að þeirra ósk var hafður lögregluvörður í íbúð Dusine fram eftir nóttu og þar eftir hafðar sérstakar gætur á íbúðinni.

Í þinghaldinu fyrir sakadómi Akureyrar 27. júlí 1977 var lögð fram eftirfarandi skýrsla lögreglunnar á Akureyri, undirrituð af Ingimar Kr. Skjöldal lögregluþjóni:

„Sunnudaginn 24. júlí 1977 um kl. 22:40 var óskað lögregluaðstoðar að Þingvallastræti 22. Undirritaður fór á vettvang ásamt Ólafi Ásgeirssyni, aðstoðarvarðstjóra, og lögreglumanni nr. 13. Er við komum á staðinn, hittum við Dusine Kristjánsson, sem býr í kjallara hússins, og skýrði hún okkur frá, að nú að undanförunni hefði hún orðið fyrir ónæði og áreitni af Danielle Somers, sem ásamt eiginmanni sínum, Ólafi Rafni Jónssyni, býr á næstu hæð í húsinu. Dusine sagði, að nú fyrir nokkurri stundu hefði hún heyrt hávaða á gangi í íbúðinni, en þar er sameiginleg rafmagnstafla fyrir húsið,

og hefði hún séð Danielle þar á ferð. Skömmu síðar hefði öll ljós í íbúð sinni slokknad og væri svo enn.

Undirritaður kannaði rafmagnstöflu, sem er í skap á fyrrnefndum gangi, og kom í ljós, að öll öryggi að íbúð Dusine voru krúfuð laus. Þá var í hurðarfals í efri hluta skápsins raðað síldarflökum, og virtist sem það hafi verið gert í þeim tilgangi, að sá, sem teygði höndina inn í töfluna, ræki handlegginn í þær.

Dusine sagðist enga ástæðu vita fyrir áreitni Danielle og ekkert hefði þeim fari á milli í dag. Hún kvaðst hafa fyrir nokkrum dögum kært til lögreglunnar vegna undangenginna erfiðleika og væri nú svo komið, að hún væri ekki óhrædd um að vera ein í kjallara hússins og myndi hún ekki sofa í íbúð sinni í nótt.

Enga hreyfingu var að sjá í íbúð Danielle og öll ljós þar slökkt, og var því ekki reynt að hafa samband við hana að þessu sinni.

Í þessu sama þinghaldi sakadóms lá frammi eftirfarandi skýrsla Kjartans Sigurðssonar varðstjóra, sem fór á vettvang að Þingvallastræti 22 og tók síðan lögregluskýrslu af aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, og er skýrslan á þessa leið:

„Mánudaginn 25. júlí 1977 um kl. 10:30 fór undirritaður að Þingvallastræti 22 að heimili Grímu Guðmundsdóttur til að athuga þar húsaskipan, og er það tilkomið vegna sambýliserfiðleika við eigendur og íbúa miðhæðar, sem er Ólafur Rafn Jónsson og hans fjölskylda.

Þingvallastræti 22 er tveggja hæða íbúðarhús á íbúarkjallara. Eigandi efri hæðar svo og íbúðarinnar í kjallara er Gríma Guðmundsdóttir, og býr hún á efri hæðinni og er þar ein. Í kjallaranum er einnig þvottahús, sem er sameign eigenda hússins, og eru tvær hurðir á þvottahúsinu, önnur inn á hol kjallaraíbúðarinnar og hin út á gang á viðbyggingu norðan við húsið. Hefur miðhæðin innangengt í umrædda viðbyggingu af sinni íbúð og þá leiðina inn í vaskahúsið og einnig umgang af viðbyggingarganginum út á lóð.

Eftir að undirritaður hafði athugað framangreinda húsaskipan, fór Gríma með undirrituðum á lögreglustöðina. Þar var eftirfarandi skýrsla tekin af Grímu vegna yfirgangs meðeigenda að sameigninni.

„Mætta segir, að Dusine sé búin að hafa umrædda kjallaraíbúð á leigu og búa þar í um 13 ár og hafi þvottahúsið verið notað jöfnum höndum af öllum íbúum hússins án nokkurra árekstra eða leiðinda. Mætta segir, að Ólafur Rafn og hans fjölskylda hafi flutt í húsið fyrir um rúmum tveim árum síðan, og fyrir þann tíma segist mætta sjálf hafa verið hætt að nota þvottahúsið til þvotta. Mætta segir, að eftir að Ólafur Rafn og hans fjölskylda flutti í húsið, var þvottahúsið að mestu leyti undirlagt af tækjum þeirra og þvottahúsið nýtt flesta daga af þeim, og kvartaði því Dusine um,

að hún kæmist þar ekki að, og fór hún fram á við mættu sem húseiganda, að hún hlutaðist til um, að Dusine fengi afnot af þvottahúsinu einn dag í viku (þriðjudaga). Mætta segist hafa fært þessa ósk Dusinu í tal við Ólaf Rafn, og lofaðist hann til að athuga málið, en tók jafnmframt fram, að kona sín þyrfti að þvo alla daga. Mætta segir, að Ólafur Rafn hafi fallist á, að ósk mættu væri sanngjörn, og segist mætta hafa sagt Ólafi Rafni, að hún myndi segja Dusinu, að hún mætti nota þvottahúsið á þriðjudögum, en ef annar dagur væri heppilegri, gæti hann komist að samkomulagi við Dusine um það. Mætta segir, að næsta þriðjudag eftir samtal sitt við Ólaf Rafn hafi Dusine farið að þvo í þvottahúsinu og hafi hún þá skýrt sér frá eftirfarandi, sem þá hafi skeð:

Kona Ólafs Rafns hafi komið niður með allmikið af óhreinu taui og hafi Dusine sagt við hana, hvort mætta hefði ekki talað um, að Dusine hefði þvottahúsið á þriðjudögum. Hefði kona Ólafs Rafns snúist illa við, sagt, að Dusine ætti ekkert í þessu og hún skyldi bara halda kjafti og fara á gamalmennahæli. Aðspurð segir mætta, að sig minni, að þetta hafi skeð í febrúar. Mætta segir, að Dusine hafi sagt sér, að eftir þetta hafi hún ekki þorað að nota vaskahúsið, svo nokkru næmi. Mætta segir, að seinni part s. l. vetrar hafi kona Ólafs Rafns farið að safna sorpi lausu í viðbyggingarganginn norðan við þvottahúsið. Mætta segir, að þegar lýkt af sorpi þessu hafi verið farin að berast inn í kjallaraíbúðina, hafi verið kvartað um þetta við Ólaf Rafn, en hann talið sig ekki vita um það, en tekið því vel að fjarlægja það. En að nokkrum tíma liðnum, er ekkert hafi verið fjarlægt af þessu lausa sorpi, heldur haugurinn vaxið, hafi mætta tilkynnt heilbrigðisfulltrúa, Birni Guðmundssyni, um hauginn, en að nokkrum tíma liðnum þar frá hafi haugur þessi horfið, en gólfið ekki verið verkað undan haugnum, og segist mætta hafa orðið að gera það sjálf.

Fyrir skömmu síðan hafi Dusine kvartað við mættu undan því, að lykillinn að hurðinni frammi í vaskahúsi að kjallaraíbúðarholinu væri horfinn. Hefði Dusine skýrt svo frá, að síðdegis hefði hún farið að heiman, athugað, að umrædd hurð væri læst, og lykillinn stóð holmegin í hurðinni, en komið fram yfir miðnætti, er Dusine kom heim aftur. Morguninn eftir, er Dusine kom á fætur og ætlaði fram í vaskahúsið, hafi lykillinn verið horfinn, en hurðin læst og væri svo enn. Mætta segir, að Kristján, sonur Dusine, hafi boðist til að reyna að opna hurðina innan frá holinu, en þá hafi verið sprautað á hann vatni gegnum skráargatið. Enginn samgangur er á milli miðhæðar og kjallara innanhúss, annar en hurðin úr vaskahúsinu inn í holið í kjallaraíbúðinni, en möguleiki að komst af gangi, sem liggur af miðhæðaribúð að rafmagnstöflu, en hún er sameiginleg fyrir húsið allt. Að þessari rafmagnstöflu er hægt að komast einnig af holi kjallaraíbúðar, í gegnum vængjahurð, sem nær upp undir loft og ca. 1 meter niður á vegginn

og er á annan meter á breidd. Þessi vængjahurð var bara lögð aftur, en eftir að lykillinn að þvottahúsinu hvarf, voru lokur settar fyrir holmegin.

Upplesið staðfest rétt. Gríma Guðmundsdóttir.

Í þinghaldinu fyrir sakadómi þann 27. júlí 1977 þótti dómara rétt eftir lestur lögregluskýrslunnar, dags. daginn áður, um eld í Þingvallastræti 22 nauðsyn til þes að bera að tilkveðja sérfróða skoðunarmenn til að rannsaka eldsupptök í húseigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, og voru tilnefndir sem hæfir menn og óvilhallir þeir Aðalsteinn Jónsson efnaverksfræðingur, Birkilundi 14, Akureyri, og Óskar Þór Árnason rafmagnstækni-fræðingur, Grenivöllum 18, Akureyri. Bar þeim að hraða skoðun eftir föngum og skila dómara skriflegri greinargerð um athugun sína. Áður en að skoðunargerðin verður rakin, þykir rétt að rekja framburð vitna þeirra, er komu fyrir sakadóminn. Þann sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Kristjánsson teiknari, Hamragerði 31, fæddur 18. desember 1932. Vitnið kvað móður sína, Dusine Kristjánsson, Þingvallastræti 22, hafa hringt í sig milli kl. 19 og 20 í gærkvöldi og beðið sig um að koma heim til hennar að Þingvallastræti 22 og ganga tryggilega frá lokum á skáphurðum, er voru fyrir rafmagnstöflu hússins. Vitnið kveðst hafa sett hespur fyrir hurðir þessar fyrir nokkrum dögum, en móðir sín hafi tjáð sér, að búið væri að brjóta hurðina upp innan frá, og teldi hún, að íbúar á miðhæð hússins, sem eru Danielle Somers og Ólafur Rafn Jónsson, er þar búa með þremur ungum börnum, hefðu verið þar að verki. Vitnið kveðst hafa komið til móður sinnar milli kl. 1930 til 2000 og hafi þá verið fyrir í íbúðinni, sem sé í kjallara hússins, Hans Petersen og eiginkona hans, Rósa Petersen. Vitnið segir, að eiginkona hans, Björg Þórðardóttir, hafi komið með sér. Vitnið kveður þá Hans hafa gengið þannig frá skáphurðinni, sem sé tvískipt, að þeir hafi sett slagbrand fyrir. Er verki þessu lauk um kl. 2000, hafi þeir fundið brunalykt leggja um íbúðina, og kveðst vitnið þegar í stað hafa ekið á lögreglustöðina, enda hafi það séð eld og reyk handan skáphurðarinnar í gegnum rifu á skáphurðinni. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neinn umgang handan skápsins (þilsins), áður en eldur var laus. Er vitnið kom á lögreglustöðina, hafi því verið tjáð, að Danielle Somers hefði tilkynnt um brunann símleiðis. Vitnið segir, að móðir sín hafi sætt ofsóknum nokkrum af hálfu Danielle Somers og m. a. telji móðir sín, að hún sé völd að hvarfi á lykli að hurð, er liggi úr íbúð hennar í sameiginlegt þvottahús hússins, og hafi lykils þessa fyrst verið saknað 17. þ. m. Einnig hafi móður sinni verið meinaður aðgangur að sameiginlegu þvottahúsi hússins af Danielle og hafi hún haft niðrandi ummæli um hana. Vitnið skýrði frá því, að ekki sé innangengt úr íbúð móður sinnar að töfluskápnum, en hins vegar sé innangengt þaðan af íbúum miðhæðar. Vitnið tók fram, að eftir að slagbrandurinn hafi verið settur fyrir, hafi þau

öll farið inn í eldhús móður sinnar og eftir 5—10 mínútur hafi þau fundið brunalykt og séð reykin og að eldur væri laus frammi í holinu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Hans Pétursson, fæddur Petersen, 12. desember 1908, landbúnaðarverkamaður, Þingvallastræti 42, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa komið til Dusine kl. 1930 í gærkvöldi til að setja slagbrand fyrir skáphurðir að töflukassa hússins, en hurðir þessar hafi verið brotnar upp að sögn Dusine þá fyrr um daginn, og báru þær þess glögg merki, að þær hefðu verið brotnar utan frá. Með sér hafi verið kona sín og skömmu síðar hafi Kristján, sonur Dusine, og eiginkona hans komið og þeir Kristján hafi í sameiningu sett slagbrand fyrir hurðirnar. Að því loknu hafi þau öll farið inn í eldhús og hallað aftur hurðinni og ekki hafi liðið nema fimm til tíu mínútur, er Kristján hafði orð á því, að hann fyndi reykjarlykt. Hafi þau öll flýtt sér fram í holið og þá séð eld og reyk í gegnum rifu á skáphurðinni. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, er það var að ganga frá slagbrandinum, að handan skáphurðanna fyrir neðan töflukassann hafi verið búið að setja mikið bréfarusl og tveim gömlum hurðum verið stillt upp ofan á ruslið og hafi þær hvílt á hurðum þeim, er slagbrandur var settur fyrir. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neinn umgang handan þilsins, áður en eldurinn kom upp, en greinilegt hafi verið, að eldsupptökin hafi verið í ruslahrúgunni undir rafmagnstöflunni. Vitnið kveðst hafa undrast það, hve eldurinn hafi magnast skjótt.

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa fundið neina olíu- eða bensinlykt, áður en eldurinn kom upp.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Björg Þórðardóttir húsmóðir, Hamragerði 31, Akureyri, fædd 30. apríl 1938. Vitnið skýrði sjálfstætt samhljóða í meginatriðum frá atvikum og vitnin Kristján Kristjánsson og Hans Petersen. Vitnið kveðst hafa komið til tengdamóður sinnar ásamt eiginmanni sínum um kl. 1930—1940 í gærkvöldi og hafi þeir Hans og Kristján sett slagbrand fyrir skáphurðir, sem brotnar hefðu verið upp þann dag. Er verki þessu lauk, hafi þau öll sest inn í eldhús og eftir 5—10 mínútna veru þar hafi þau fundið brunalykt og strax séð, að eldur var laus handan skáphurðar í holinu, og hafi Kristján ekið þegar í stað á lögreglustöðina og tilkynnt brunann. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við neitt óvenjulegt, áður en eldurinn varð laus. Vitnið sagði, að er eldurinn kom upp, hafi rafljós logað í holinu, sem sé gluggalaust, og hafi það skvett vatni á hurðina til að reyna að slökkva eldinn. Er það yfirgaf íbúðina, hafi það mætt slökkviliðsmanni og allan tímann hafi rafljós logað í holinu. Vitnið kveður sig hafa sviðið í augu og nef, er það var inni í íbúðinni, þó reykur væri ekki mjög mikill.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Rósa Rögnvaldsdóttir húsmóðir, fædd 1. apríl 1917, Þingvallastræti 42. Vitnið skýrði sjálfstætt samhljóða

frá atvikum og vitnið Hans Pétursson. Vitnið kveðst aðspurt hafa veitt því eftirtækt, að rafljós slökknaði ekki í holi íbúðarinnar, er eldurinn kom upp.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Dusine Elísabet Kristjánsson húsfrú, fædd 22. október 1900, Þingvallastræti 22, Akureyri. Vitnið kvað Hans Pétursson hafa komið til sín um kl. 1930 kvöldið áður til að gera við skáphurðir, sem brotnar hafi verið upp þá um daginn og lágu að rafmagnstöflu hússins. Skömmu síðar hafi Kristján, sonur sinn, komið og eiginkona hans og þeir sett slagbrand fyrir hurðirnar. Eftir það hafi þau farið inn í eldhús og hallað hurðinni á eftir sér, þó ekki alveg lokað, og eftir 5—10 mínútur hafi borist þeim að vitum reykyrlykt, og er þau komu fram í holið, þar sem rafljós logi í sífellu, því þar sé gluggalaust, hafi sést í gegnum rifu á skáphurðunum, að eldur var laus handan hurðanna. Hafi Kristján strax farið á lögreglustöðina og tilkynnt um eldinn og Björg, tengdadóttir sín, hafi skvett vatni á skáphurðirnar. Vitnið segir, að meðan það hafi verið í íbúðinni, hafi ljós alltaf logað í holinu. Vitnið segist ekki hafa orðið vart við neina óeðlilega lykt, en eldurinn hafi magnast mjög skjótt. Skýrsla vitnisins gefin hjá lögreglunni á Akureyri 24. júlí 1977 var borin undir vitnið, og kvað vitnið skýrslu þessa sannleikanum samkvæma. Vitnið kvaðst hafa saknað lykilsins að hurðinni, er liggur að þvottahúsinu, að morgni 17. þ. m. Vitnið kveður ofsóknir Danielle gegn sér hafa hafist í febrúar sl., er hún þvoði þvott sinn, og hafi Danielle sagt sér að halda kjafti og fara á elliheimili.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gríma Guðmundsdóttir húsfrú, Þingvallastræti 22, Akureyri, fædd 19. apríl 1910. Vitnið kvaðst hafa opnað dyr niður kjallaraganginn að íbúð sinni, sem sé á efstu hæð hússins að Þingvallastræti 22, og hafi þá gosið á móti sér reykur og Rósa Rögnvaldsdóttir hafi kallað til sín að flýta sér út. Vitnið kveðst ekkert hafa verið á ferð um húsið bakdyræmin, áður en eldur kom upp, og ekki hafa haft nein eldfæri um hönd, og aðspurt kvaðst vitnið ekki reyka og ekki geta sagt um upptök eldsins. Vitnið kvaðst hafa búið í húsinu frá upphafi og allan þann tíma hafi öll hitarör og rafmagnstæki verið í lagi, og kvaðst vitnið ekki minnast þess, að eldur hafi orðið laus áður.

Þá var borin undir vitnið skýrsla þess gefin hjá lögreglunni á Akureyri 25. júlí 1977, og kvað vitnið skýrslu þessa gefna eftir bestu vitund og samvisku og kannaðist við nafnritun sína undir henni. Að gefnu tilefni tók vitnið fram, að enginn hafi haft eldfæri um hönd né reykt í kjallara hússins umrætt kvöld, er eldurinn kom upp.

Þann 28. júlí kom fyrir sakadóm Akureyrar sem vitni Danielle Somers, fyrrverandi flugfreyja, fædd 28. febrúar 1944, belgiskur þegn. Mælandi á franska tungu, en Tómas Ingi Olrich aðstoðarskólameistari túlkaði framburð hennar. Aðspurt sagðist vitnið hafa verið í eldhúsi sínu og börnin

að leik í barnaherberginu og hafi börnin komið og sagst finna reykjarlykt og hún hafi þá athugað málið og séð, að litils háttar reyk lagði frá hurðinni. Vitnið kveðst í fyrstu hafa haldið, að konan, sem býr á efstu hæð hússins, væri við flatbrauðsgerð, því reykjarlyktin hafi verið svipuð. Sé þessi flatbrauðsgerð stunduð í viðbyggingu fyrir neðan íbúð vitnisins og leggi frá brauðgerð þessari oft mikinn reyk og stybbu. Vitnið kveðst fljótlega hafa gert sér grein fyrir því, að ekki var um venjulega brauðgerðarlykt að ræða, heldur brunalykt, og hafi það þá kallað á slökkviliðið. Vitnið kveðst yfirleitt verða vart við mikinn umgang niðri í kjallaranum og hafi það einnig verið þetta kvöld, en ekkert óvenjulegt heyrði það. Vitnið kveðst ekki hafa fundið oliu- eða bensínlykt eða neinn óeðlilegan þef frá kjallara. Vitnið kveðst hafa orðið mjög hrætt og flúið með börn sín á lögreglustöðina og af þeim ástæðum ekki hafa getað gert sér grein fyrir smáatriðum.

Aðspurt kvað vitnið, að rafmagnið hefði farið af íbúð þess, sem sé á miðhæð hússins, um leið og hún fann reykinn. Vitnið segist hafa orðið vart við það, að rafmagnið fór af á þann hátt, að útvarpið hafi þagnað, og einnig séð það á eftir, því að á bakarofni, sem hafi verið í notkun, hafi rafmagnið rofnað. Vitninu voru sýndar ljósmyndir af brunanum, og kannaðist vitnið við, að þær væru af brunavettvangi, og sérstaklega aðspurt um ruslahrúgu undir rafmagnstöflum kvað vitnið þar væru aðallega gamlar prófúrlausnir og blöð vegna starfs eiginmanns hennar. Hafi þau sett ruslið þarna vegna raka og bleytu í kjallara og hafi það verið sett þarna í nóvember sl., að það minni. Aðspurt af dómara sagði vitnið, að við hliðina á bréfahrúgu þeirri, er samanstóð af gömlum kennslugögnum manns hennar, hafi verið staflað klósettpappír, sem pakkaður hafi verið inn í plastik, en einn pappakassi hafi verið fullur af klósettpappír líka og þar við hliðina hafi verið staflað upp stórum pökkum af þvottaefni í 10 kg pakkningum. Aðspurt af dómara sagði vitnið, að engin olía eða lýsi hafi verið geymt þarna, en hins vegar hafi verið geymd þarna kerti og eldspýtur, sem notaðar voru í rafmagnsleysi, svo lítið ferðagastæki. Vitnið tók fram, að oft hafi verið rafmagnslaust í húsinu og því hafi þessi eldfæri verið geymd þarna.

Svo sem áður greinir, kvað vitnið börn þeirra hjóna hafa verið að leik í barnaherberginu og auk þess sé lás svo hátt á hurðinni niður í kjallara, þannig að börnin geti ekki farið þangað niður. Aðspurt kvað vitnið börn þeirra hjóna vera þrjú, fimin, þriggja og eins árs. Vitnið kveðst ekki hafa hugmynd um, hvers vegna eldurinn hafi komið upp, en segir, að í fyrra hafi kona, er býr í kjallara hússins, gleymt hraðsuðukatli í sambandi og við það hafi borð brunnið, sem ketillinn stóð á, og húsið fyllt af óþægilegri lykt.

Dómari gætti nú ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 og dómtúlkur las fyrir vitninu skýrslu lögreglunnar, dags. 24. og 25. júlí 1977.

Aðspurð af dómara kvaðst mætta ekki vera völd að hvarfi lykils að hurð í íbúð Dusine, er liggi inn í þvottahúsið. Aðspurð af dómara, kvaðst mætta hafa skipt um öryggi í raftöflu hússins sunnudaginn 24. þ. m., en örygginn séu sameiginleg fyrir allt húsið og auðvelt sé að ruglast á öryggjum vegna þess, því að þau séu ógreinilega merkt. Aðspurt af dómara kvaðst mætta geta lesið íslenskt mál, sé það ekki of flókið, en mætta kvaðst hafa þurft að skipta um örygginn við kertaljós. Mætta tekur fram, að taflan standi mjög hátt og því sé erfitt að lesa á hana. Aðspurt af dómara kvaðst mætta hafa lagt sildina á skáphilluna. Mætta segist hafa sett sildina, sem voru kryddsildarflök, feit, sem óhæf voru til matar, og raðað þeim á alla silluna langsum. Hafði hún gert þetta til að varna því, að Dusine færi í gegnum skáphurðina inn í kjallara hennar, eða væri á gægjum til að fylgjast með ferðum í kjallaranum, en mætta kvaðst eitt sinn hafa tekið eftir því, er hún hafði verið fjarverandi, að farið hefði verið inn í kjallarann og sé ekki um annað að ræða en farið hafi verið í gegnum áðurnefnda skáphurð.

Aðspurð af dómara, hvort mætta kynni til að svara, að brotnar hafi verið upp klinkur, er settar hafi verið á margnefndar skáphurðir, kvaðst mætta kunna skýringu á því. Hún hafi stillt upp þremur hurðum, massívum úr tré, fyrir margnefnt op að töflukassa til þess að varna því, að Dusine gæti legið á gægjum, og við þunga hurðanna taldi mætta, að klinkurnar hefðu brostið. Ítarlega aðspurð af dómara taldi mætta það fráleitt, að olía af sildinni hefði komist í klósettappírinn, er var í geymslu í kjallaranum, og mætta kvaðst ekki reykja. Mætta kvaðst hafa tekið það til ráða að hamla samgangi um margumrædda skáphurð til að forða því, að komist yrði í geymslur þeirra hjóna, því sumarið áður hefði Dusine hleypt börnum inn í bílskúr þeirra hjóna, þar sem þau áttu greiða leið í vistarverur þeirra, þar á meðal sælgæti. Mætta kvaðst ýmsar athugasemdir hafa að gera við framkomnar lögregluskýrslur, er höfðu verið fyrir henni lesnar. Aldrei hefði verið neitt samkomulag um notkun þvottahúss. Mætta segir, að til orðahnippinga hafi komið milli hennar og Dusine og hafi Dusine sagt við sig, að hún mætti ekki þvo á þriðjudögum, og hafi Dusine hengt upp þvott sinn rennandi blautan út um allt þvottahús. Mætta segir, að hún eigi erfitt með að skilja Dusine vegna dansks hreims hennar og hafi mætta því misst þolinmæði í þetta skipti og viðhaft þau orð, er greinir í skýrslunni. Sé þvottamáti Dusine upp á gamla mátann og flói allt í vatni, þannig að ómögulegt sé fyrir mættu að sinna sínum daglegu þvottum, og kvaðst mætta hafa boðið Dusinu aðgang að þvottavél sinni, en Dusine hafnað því. Noti Dusine ekki niðurföllin í þvottahúsinu, heldur kasti vatni út í horn og sé nú kominn fúi í undirstöður þvottavélar mættu af þeim sökum. Mætta tók fram, að Dusine hafi ekki hætt notkun á þvottahúsi, eins og haldið hafi verið fram, heldur hafi hún notað það til þvotta og helt skolp-

vatni þar út um allt gólf, eins og áður greinir, en ekki notað svelginn og benti á, að svo virtist sem Dusine hafi ætlað að nota þvottahúsið, er hún uppgötvaði, að lykillinn að þvottahúsinu var horfinn. Mætta kveðst telja, að þó að herbergi það, sem notað sé til þvotta, sé kallað þvottahús, þá standi það ekki undir nafni, því að þar séu aðeins tveir kranar og eitt niðurfall. Mætta sagði, að sameiginleg kynding væri fyrir húsið, sem hægt sé að nota, ef rafmagn fari af, og hafi Gríma bannað sér að nota þessa kyndingu, þar sem Dusine hafi ekki getað notað hana heldur vegna ellimarka, en hún hafi notað hana engu að síður. Mætta kvaðst ekki hafa getað opnað hurðina á viðbyggingunni við húsið, því að hún hafi frosið aftur vegna mikils raka, og hafi hún sett rusl í svarta plastpoka, er hún setti í geymsluna, en tók fram, að mikill raki hafi verið þarna og hefði ódaunninn komið vegna rakans, en ekki ruslsins. Hafi stöðugt frost verið í geymslunni og sorpið því frosið jafnóðum. Mætta tók fram, af gefnu tilefni, að upp í íbúð sína leggi oft mikla vindla eða reykingalykt, sem virðist koma úr kjallara hússins.

Sama dag kom fyrir sakadóminn sem vitni Ólafur Rafn Jónsson menntaskólakennari, Þingvallastræti 22, Akureyri, fæddur 8. júlí 1936. Vitnið kvaðst hafa verið í Reykjavík, þegar eldur kom upp í húseign hans Þingvallastræti 22 hér í bæ, en hann kvaðst búa á fyrstu hæð hússins, sem sé tvíbýlishús. Er hann kom til Akureyrar um kl. 2200, hafi legið fyrir honum skilaboð á flugvellinum um að hringja í lögregluna á Akureyri og hafi lögreglan tjáð honum, að eldur hafi komið upp í íbúð hans og fjölskylda hans væri stödd á lögreglustöðinni. Hafi hann fundið fjölskyldu sína á lögreglustöðinni, og er þau voru að fara þaðan, hafi einn lögreglumannanna kallað hann afsíðis og tjáð honum, að Gríma Guðmundsdóttir, er búi á efstu hæð hússins, hafi hringt þangað skömmu áður og hafi hún óskað þess, að eiginkona hans kæmi ekki þangað aftur. Vitnið tók fram, að lögreglan hafi ekkert hindrað þau hjón í að komast til heimilis þeirra. Vitnið skýrði frá því, að í byrjun vikunnar hafi Sigurður Bjarklind, settur heilbrigðisfulltrúi á Akureyri, skoðað eignarhluta hans í húseigninni Þingvallastræti 22 og þá sérstaklega haft orð á, hversu mikil eldhætta væri í húsinu öllu vegna lélegs frágangs og sérstaklega væri hættan mikil í viðbyggingu við húsið. Vitnið kveðst ekki hafa minnstu hugmynd um eldsupptök, en fyrst hefði sér flogið í hug, að eldur væri laus í rafmagnstöflu, því í nóvember sl. hefði rafmagnseftirlitið skoðað rafkerfið í húsinu og fundið því margt til foráttu, m. a. rafmagnstöflunni.

Fyrir vitninu voru lestnar skýrslur lögreglunnar á Akureyri, dags. 24., 25. og 26. júlí 1977, og var framburður vitnisins varðandi skýrslur þær samhljóða framburði eiginkonu hans, Danielle Somers. Vitnið kvað það áður hafa komið fyrir, að Dusine hefði týnt lykli, og vegna aldurs sé and-

legri getu hennar mjög aftur farið og illt að henda reiður á, hvað sé sannleikanum samkvæmt. Vitnið sagði, að Gríma hefði sýnt yfirgang í sambúðinni í húsinu, m. a. nokkrum sinnum skrúfað fyrir vatnsinntak hússins án sinnar vitundar og standi í framkvæmdum án hans vitundar og samþykkis, m. a. málað grindverk við götuhlið hússins á leiktíma barna þeirra hjóna og hegði sér yfirleitt þannig í sambúðinni eins og hún ætti húseignina eina og óskipta. Vitnið kvað rangláta og fáránlega skiptingu milli eignarhluta í húsinu vera frumorsök að allri sundurþykkju og óánægju, sem komið hefði upp milli íbúanna, að sínu nati, og lausn á því vandamáli ekki í sjónmáli, fyrr en réttlát skipting hefði átt sér stað, en til þessa hefði Gríma ekki ljáð máls á neinnri samngjarnri lausn. Vitnið kvaðst telja, að íbúð í kjallara hússins væri ólögleg og uppfyllti ekki kröfur byggingarsamþykktar. Að gefnu tilefni tók vitnið fram, að Sigurður Bjarklind, settur heilbrigðisfulltrúi, hefði sagt við hann í dag, að honum fyndist brunahætta mikil í húseign vitnisins, þegar hann skoðaði hana í byrjun vikunnar.

Í sakadómsrannsókninni var lögð fram skýrsla Tómasar B. Böðvarssonar, slökkviliðsstjóra á Akureyri, um slökkvistarfið að Þingvallastræti 22, og segir þar m. a.:

„Þriðjudaginn 25. þ. m. kl. 20:04 var hringt frá Þingvallsstræti 22 (miðhæð) og sagt, að reyklykt kæmi úr kjallara hússins.

Á staðinn fór Skjöldur Tómasson, settur varðstjóri, og Viðar Þorleifsson, brunavörður, á slökkvibíl SA 1.

Þegar á staðinn var komið, var greinilegur eldur í kjallara hússins, og óskaði þá varðstjórinn eftir 1. útkall slökkviliðsmanna yrði kallað út.

4 reykkafarar réðust með háfrýstibyssum að eldinum, sem var í skáp milli íbúða í kjallaranum.

Reykblásari var settur á 1. hæð til að mynda þar yfirþrýsting og þannig varna því, að reykur bærisk um hurð milli 1. hæðar og kjallara. Nokkuð greiðlega tókst að slökkva eldinn.

Skemmdir af völdum elds, reyks og vatns urðu töluverðar á kjallaranum, en vonandi óverulegar á 1. og 2. hæð af reyk.“

Skýrsla hinna áðurnefndu sérfróðu skoðunarmanna til þess að rannsaka eldsupptök í húseigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, var lögð fram í sakadómi Akureyrar 28. júlí 1977, og er skýrsla þeirra dags. sama dag, og hljóðar hún þannig:

„Undirritaðir Óskar Þór Árnason raftæknifræðingur og Aðalsteinn Jónsson efnaverkfræðingur voru dómskvaddir sem skoðunarmenn til þess að rannsaka orsakir bruna, er upp kom í húsinu að Þingvallastræti 22.

Hinn 26. júlí kom upp eldur í þröngu skoti, sem er nálægt miðju húsi í kjallara að Þingvallastræti 22. Í þessu skoti er rafmagnstafla fyrir húsið, og er aðgangur að henni til vinstri, þegar komið er niður tröppur, sem liggja

frá miðhæðinni niður í kjallarann, en einnig í gegnum lúgur, sem eru opnanlegar á millivegg, sem skilur kjallaraíbúðina frá eignarhluta miðhæðarinnar.

Við skoðun á rafmagnstöflu sást ekkert það, er bent gæti til þess, að eldsupptök væri hægt að rekja til hennar. Taflan var sviðin að utan, en allar tengingar á bakhlið voru hreinar og engin merki um bruna eða skammhlaup þeim megin. Þá vakti athygli okkar utanáliggjandi rafleiðsla ofarlega á vegg, sem var alveg brunnin í sundur. Við nánari athugun kom í ljós, að við hana var 10 amp. vartappi, sem var í sundur, og því talið útilokað að rekja eldsupptök til hennar.

Á gólfinu fyrir neðan rafmagnstöfluna var mikil hrúga af blöðum og bókum, sem að sögn húsfreyju á miðhæðinni var komið þar fyrir í nóvember '76 til þess að forða þeim undan vatni, sem komið hafði á gólf í geymsluherbergi gegnt umræddu skoti. Einnig var þarna á gólfinu talsvert magn af brunnum og hálfbrunnum klósettrúllum. Var svo að sjá sem eldur hafi verið mun meiri í þeim en í aðalblaðahrúgunni. Var þar um að ræða 10—15 cm. öskulag fremst og vinstramegin í skotinu (miðað við inngang í skotið), sem náði niður í gólf, innar og hægra megin var blaðahrúgan lítið brunnin.

Við teljum, að eldurinn hafi komið upp á þessum stað og læst sig upp eftir tréhlerum, sem þarna hafði verið stillt upp að veggnum..

Um eldsupptök er það að segja, að hugsanlegt er, að glóð úr vindlingi hafi dottið niður í klósettrúllurnar eða einhver slíkur utanaðkomandi eldur.

Þá má geta þess, að klósettpappír og þerripappír er því sem næst hreinn cellulósi, sem brennur mjög auðveldlega. Í slíkum efnum getur orðið sjálfíkvikja, ef í þau kemst ildandi olía eins og t. d. línolía eða sildarolía. Ef um sjálfíkvikju væri að ræða, verður að telja líklegt, að hún hefði átt sér stað það hægt, að íbúar hússins hefðu orðið varir við hana, áður en eldur væri orðin laus.“

Þann 5. ágúst 1977 ritar Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, lögmaður gagnstefnanda Danielle Somers, aðalstefnanda Grímu Guðmundsdóttur svohljóðandi bréf, sbr. dómskjal nr. 6.

„Í meðfylgjandi ljósriti af skýrslu ríkislögreglunnar á Akureyri, dags. þriðjudaginn 26. júlí sl., er fjallar um eld í Þingvallastræti 22 þann sama dag, segir m. a. svo: „Þær Dusine og Gríma ásamt syni Dusine og hans konu voru þess fullviss, að Danielle hefði kveikt eld í geymslunni, sem rafmagnstaflan var í.“ Síðar í sömu skýrslu segir: „Mikið af blöðum og bókum var á gólfinu hálfbrunnið og að sögn Dusine og Grímu hafði Danielle verið að flytja þau í geymsluna síðustu daga.“

Umbjóðandi minn Danielle Sommers, Þingvallastræti 22, Akureyri, telur ofanrituð ummæli yðar freklega ærumeiðingu, og vegna þessa áburðar

hefur hún mátt þola það harðræði að vera leidd fyrir sakadóm Akureyrar grunuð um íkveikju og auk eigin fyrirhafnar hefur hún orðið fyrir fjárútlátum vegna lögmannaðstoðar. Af þessu tilefni vil ég f. h. Danielle krefjast skriflegs svars yðar við því, hvort áður tilvitnuð ummæli séu rétt eftir yður höfð, því sé svo, hefur Danielle falið mér að fá ummælin ómerkt og láta yður sæta fébóta- og refsíabyrgð að lögum.

Vænti ég þess, að þér sendið mér umbeðið skriflegt svar yðar fyrir 15. ágúst n.k., því að þeim tíma liðnum mun ég gera viðeigandi ráðstafnair í samræmi við óskir umbjóðanda míns.“

Sama dag var samhljóða bréf sent Dusine Kristjánsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, af lögmanni gagnstefnanda Danielle Somers.

Á dómskjali nr. 20 er svohljóðandi vottorð Björns Guðmundssonar, heilbrigðisfulltrúa á Akureyri, dags. 10. ágúst 1977.

„Síðastliðinn vetur, nánar tiltekið 6. apríl 1977, hringdi Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22 hér í bæ, og kvartaði yfir því, að rusli væri safnað saman í gangi bakmegin í húsinu, en gangur þessi tilheyrir hennar íbúð, sem er á efstu hæð hússins, og miðhæðinni, en þar býr Ólafur Rafn Jónsson með konu og börnum, og mun ruslið tilheyra því fólki. Gríma sagði, að sér hefði ekki tekist að fá Ólaf til að fjarlægja ruslið. Ég fór á staðinn og athugaði þetta, það reyndist rétt, sem Gríma sagði, að þetta var einskonar sorphaugur þarna í ganginum. Talaði ég þá við Ólaf Rafn, sem lofaði að fjarlægja ruslið fyrir n. k. laugardag. En 12-4 hringdi Gríma aftur og sagði, að ruslið væri enn á sama stað og komin töluverð ólykt af því. Talaði þá aftur við Ólaf Rafn og sagði honum, að ef hann yrði ekki búinn að fjarlægja ruslið fyrir n. k. laugardag, mundi ég koma undir lögregluvermd og gera það og senda honum reikninginn. En laugardaginn 16-4 rétt um kl. 13.00 hringdi Þóroddur Jónasson héraðslæknir til mín heima og sagði mér, að Ólafur Rafn hefði talað við sig og óskað eftir að fjarlægja ruslið sjálfur, sagði ég Þóroddi, að það væri í lagi frá minni hendi, ef hann gerði það strax. En þá hafði ég beðið um lögreglu strax eftir hádegi, sem ég afþakkaði. Veit ég ekki annað en Ólafur Rafn hafi fjarlægt ruslið þá strax.“

Þann 11. ágúst 1977 var tekið fyrir í fógetarétti Akureyrar fógetaréttarmálið nr. 119/1977: Beiðni Ólafs Rafns Jónssar, að lagt verði lögbann á þá athöfn Grímu Guðmundsdóttur að skipta sameign í kjallara Þingvallastrætis 22, og lýsti fógeti því yfir í lögbannsmáli þessu, að lagt væri lögbann á fyrirhugaða framkvæmd skiptingar á sameign í Þingvallastræti 22, Akureyri, með því að reistur yrði veggur í kjallara. Ljósrit þessarar fógetagerðar er á dómskjali nr. 39.

Þann 17. ágúst 1977 ritar þáverandi lögmaður aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, lög-

manni gagnstefnanda, Stefáni Pálssyni héraðsdómslögmanni, svo og gagnstefndu frú Danielle Somers áminningarbréf með vísan til ákvæða 17. gr. laga nr. 59/1976, og er bréf þetta á dómस्कjali nr. 8 og hljóðar þannig:

„Ég leyfi mér að vitna til viðræðna okkar hinn 15 þ. m. varðandi sambúðarvandamál að Þingvallastræti 22, Akureyri, en eins og kom fram, þá hefur frú Gríma Guðmundsdóttir falið mér að koma fram fyrir sína hönd vegna þessa.

Á fundi okkar kom fram tillaga í þá veru, að reistur yrði veggur í kjallara í stað þess, sem brann, og yrði svo frá honum gengið, að unnt yrði að skipta rafmagnstöflu í kjallara þannig, að hvor eigenda hússins hefði síðan aðgang að sinni töflu, en ekki töflu hins. Þá var gert ráð fyrir því, að svo yrði gengið frá útbýggingu, að komist yrði fyrir leka á henni. Þá var rætt um skiptingu á þvottahúsi á þann veg, að fyrst um sinn yrði um að ræða skiptingu á afnotum, en síðar yrði þvottahúsinu skipt í raun, ef þær aðstæður sköpuðust við komu hitaveitu, að slíkt væri fýsilegt.

Það lá fyrir, að umbj. minn væri reiðubúinn til að taka þátt í kostnaði að sínum hluta vegna framangreindra framkvæmda, enda horfðu þær að eðlilegu viðhaldi hússins og bættum sambýlisháttum.

Nú hefur umbj. yðar ekki fengist til að gefa skýr svör við því, hvort hann er reiðubúinn til samninga um mál þetta eða ekki. Ljóst er, að umbj. m. getur ekki beðið lengur eftir úrslitum um það, enda hefur umbj. yðar með lögbanni komið í veg fyrir, að unnt yrði að gera við brunaskemmdir í húsinu, en af því leiðir, að leigutaki umbj. míns hefur ekki haft afnot af húsnæði sínu síðan bruninn varð.

Ég tel neitun umbj. yðar á því að standa að samningagerð, sem leyst hefði getað ágreiningsmál, lögbannsgerðir af hans hálfu til að koma í veg fyrir eðlilega viðgerð á brunaskemmdum, söfnun á rusli í sameiginlegu rými, þar á meðal að skilja eftir fiskúrgang, vera slíkt brot á IV. kafla laga nr. 59/1976, að þau gefi tilefni til áminningar skv. 17. gr. laganna, og ber að skoða bréf þetta sem slíka áminningu.

Þá er jafnframt áskilinn réttur til bóta vegna lögbannsmálsins og vegna alls annars tjóns, sem umbj. minn telur hafa hlotist af aðgerðum umbj. yðar eða aðgerðarleysi.“

Þann 23. ágúst 1977, kl. 1545, var óskað lögregluaðstoðar að Þingvallastræti 22 vegna skemmdarverka, er þar höfðu verið framin. Lárus Ragnarsson, lögreglumaður nr. 13, fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 20, og gaf Lárus eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómस्कjal nr. 40: „Þar tók á móti okkur Örn Smári Arnaldsson f. h. húsráðanda Dusine Kristjáns-son og sýndi okkur skemmdir á pússningu á vegg, er hlaðinn hafði verið utan um rafmagnstöflu á neðslu hæð hússins. Hafði eitthvert verkfæri verið rekið meðfram veggnum, þar sem hinn nýbyggði veggur mætast og vestur-

veggur íbúðarinnar. Við það hafði þússningin dottið á gólfið á sex stöðum, og sást inn í herbergið hinum megin. Um það bil 2—3 cm. gat hafði myndast í þússninguna, þar sem götin höfðu verið rekin í gegn. Ekki er vitað, hver þarna hefur verið að verki, en íbúar íbúðar þeirrar, er veggur þessi snýr að, voru ekki heima, er við lögreglumennirnir komu á staðinn.

Örn Smári kvaðst ætla að láta gera við skemmdir þessar og kvaðst leggja fram bótakröfu fyrir viðgerðinni.“

Þann 24. ágúst 1977, um kl. 1150, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og tilkynnti um, að skemmdarverk hefðu verið unnin á hlöðnum vegg í kjallara hússins. Páll Þorkelsson lögregluþjónn fór á staðinn ásamt Jónasi Finnbogasyni lögregluþjóni, og gerði sá fyrrnefndi skýrsl um atburðinn, og er hún á dómskjali nr. 41 og hljóðar þannig:

„Þar hittum við Grímu fyrir. Hún kvaðst vera eigandi að efstu hæð hússins og einnig kjallara þess. Á miðhæðinni byggju Ólafur Rafn Jónsson ásamt fjölskyldu sinni. Gríma vísaði okkur á vegg í kjallara hússins, sem hún kvað hafa verið hlaðinn tveim dögum áður. Hún kvað skemmdir hafa verið unnar á veggnum daginn áður og hefði það verið nú í morgun sem múrari hefði gert við þær skemmdir. Hún kvaðst hafa skroppið út skamm-an tíma fyrir hádegi (milli kl. 11:00—11:30) og hefðu skemmdir þessar verið komnar á vegginn á meðan. Þarna er um að ræða vegg, sem Gríma kvað hafa verið hlaðinn í stað tréveggs.

Innangengt er frá miðhæðinni hinum megin frá og að vegg þessum. Í um 135 cm. hæð og 160 cm. voru göt í gegnum vegginn, þar sem nýviðgerða skemmdin var. Þau voru ca 1—2 cm. í þvermál hvort gat.

Ekki er vitað, hverjir munu hafa verið þarna að verki.“

Þann 30. ágúst 1977, kl. 1615, var óskað lögregluaðstoðar að Þingvalla-stræti 22 vegna rúðubrots.

Lárus Ragnarsson lögreglumaður fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 5, og gerði sá fyrrnefndi skýrslu um atvikið, og er skýrsla þessi á dómskjali nr. 42 og hljóðar þannig: „Þar hittum við fyrir Þorgrím Sigurðsson, er sýndi okkur brotna rúðu á suðurhlíð hússins, er hafði verið brotin. Rúða þessi er af stærðinni 39x76 cm. úr 4mm. gleri. Þorgrímur kvaðst hafa séð son Ólafs Rafns og Danielle Somers brjóta rúðu þessa, en hann hefði verið hindraður í að brjóta fleiri rúður. Vitni var einnig að þessu Hörður Jörundsson, Vanabyggð 1, en hann var að mála kjallaraíbúðina að Þingvalla-stræti 22.

Skömmu síðar sáum við, að áðurnefndur drengur var á gangi á Þingvalla-stræti ásamt móður sinni Danielle. Hugðust undirritaðir hafa tal af drengnum út af máli þessu, og ávarpaði ég Danielle. Brást hún þá við hin versta og sagði drengnum að tala ekki við mig. Einnig var Danielle með barna-

kerru akandi á undan sér, og ók hún henni á fætur mér, er ég hugðist hefta ferðir hennar. Drengur sá, sem áður er getið, er ca. 6—8 ára gamall, ljóshærður, en ekki er vitað um nafn hans.“

Þann 30. ágúst 1977 ritar lögmaður gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, þáverandi lögmanni aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, svo og aðalstefnanda, frú Grímu Guðmundsdóttur, áminningarbréf með vísan til 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976, og er afrit bréfs þessa á dóm-skjali nr. 9 og hljóðar þannig:

„Mér hefur borist bréf yðar, dags. 17. þ. m., varðandi sambúðarvandamál umbj. yðar Grímu Guðmundsdóttur og umbj. míns Danielle Somers Jónsson, beggja til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri.

Umbjóðandi minn hefur falið mér að mótmæla harðlega efni bréfs yðar, og telur hún, að nefnd sambúðarvandamála stafi öll af óbilgirni umbj. yðar og gerræðisfullum aðgerðum, enda hefur umbj. yðar allt frá því að umbj. minn kom í húsið hegðað sér eins og hún byggi í einbýlishúsi, en ekki fjölbýlishúsi. Umbj. yðar hefur margoft skrúfað fyrir vatnsinntak í húsið án samráðs við umbj. minn og hefur ekki látið af þeirri hegðan þrátt fyrir áminningar. Þá hefur umbj. yðar eða einhver á hennar vegum þrásinnis sprautað vatni og skvett skólpi á þvottavélar umbj. míns í sameiginlegu þvottahúsi. Einnig má nefna, að umbj. yðar hefur ráðist í framkvæmdir á sameign, t. d. að mála grindverk, án alls samráðs við umbj. minn og valdið með því m. a. þeim óþægindum, að börn umbj. míns, sem voru að leik í garðinum, hafa útatað sig í málningu. Ennþá má nefna, að umbj. yðar hefur hleypt ókunnugum inn í húsnæði umbj. míns í gegnum lúgu, sem var við rafmagnstöflu í kjallara.

Alvarlegustu aðgerðir umbj. yðar til þessa komu fram, eftir að bruni varð í kjallara hússins að Þingvallastræti 22 að kvöldi dags þann 26. júlí 1977. Þá bar umbj. yðar þær röngu sakargiftir á umbj. minn fyrir lögreglu, að umbj. minn hefði kveikt eld í geymslunni, sem eldsvoðinn varð í. Þennan áburð lét umbj. yðar einnig konu að nafni Dusine bera, en Dusine þessi hefur hafst við í geymsluherbergjum kjallara hússins að Þingvallastræti 22, að því er virðist sem leigjandi umbj. yðar. Áðurnefndar sakargiftir urðu þess valdandi, að umbj. minn mátti þola það harðræði að vera leidd fyrir sakadóm Akureyrar sem brennuvargur, og einnig virðist sem svo að umbj. yðar vinni að því að breiða út þá firru, að umbj. minn hafi valdið eldsvoðanum. Með bréfi mínu til umbj. yðar, dags. 5. ágúst s.l., fór ég þess á leit við umbj. yðar, að hún sendi mér skriflegt svar við því, hvort hún héldi enn til streitu þeim ummælum, sem eftir henni eru höfð í lögregluskýrslu, þess efnis, að umbj. minn hefði kveikt nefndan eld.

Mér hefur ennþá ekki borist svar þetta, og mun umbj. minn því tafarlaust kæra umbj. yðar fyrir rangar sakargiftir og meiðyrði.

Er áðurnefndur eldur kviknaði, varð aðallega það tjón, að rafmagnstafla hússins brann, og einnig brann timburpil, sem skildi að eign umbj. míns og umbj. yðar í kjallara. Á þili þessu gegnt rafmagnstöflunni var lúga í brjóst hæð ætluð til þess, að umbj. yðar gæti teigt sig í rafmagnstöfluna til þess að skipta um öryggi og þess háttar. Klefi hjá rafmagnstöflunni mun að öllu leyti hafa verið séreign umbj. míns með áðurnefndri kvöð um aðgang umbj. yðar að töflunni gegnum lúguna. Nú hefur það skeð mitt í því, að samningstilraunir stóðu yfir um endurbyggingu veggjarins og skiptingu rafmagnstöflu, að umbj. yðar hefur látið reisa hlaðinn vegg, að hluta þar sem áðurnefnt pil stóð, en að hluta þannig, að stór hluti áðurnefnds klefa tilheyrir nú séreign umbj. yðar. Þessi veggbygging er gerð án allrar heimildar byggingaryfirvalda, og eins og að veggbyggingunni hefur verið staðið, hefur byggingarsamþykkt verið þverbrotin og réttur umbj. míns fótum troðinn. Umbj. minn telur þetta slíkan yfírgang og frekju, að, hún geti vart látið kyrrt liggja, og hefur falið mér að senda byggingaryfivöldum og sakadómi erindi af þessu tilefni.

Í áðurtilvitnuðu bréfi yðar teljið þér umbj. minn hafa gerst brotlegan við 4. kafla laga nr. 59/1976 og gefið af því tilefni umbj. mínum áminningu í anda tilvitnaðrar greinar, þá hlýtur réttur umbj. míns til þess að gefa slíka áminningu af gefnu tilefni vera jafn ríkur. Með tilvísun til framanritaðs telur umbj. minn tilefni ærin, og hefur hún falið mér að áminna umbj. yðar með bréfi þessu um það að virða eftirleiðis sambýlisreglur og rétt umbj. míns sem sameiganda að húsinu Þingvallastræti 22 og virði umbj. yðar eftirleiðis ekki rétt umbj. míns, mun ég tilneyddur fyrir hennar hönd til þess að neyta heimilda í áður tilvitnaðri 17. gr. laga um fjölbýlishús og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög, nr. 280/1976.

Ég tel farsælustu lausnina á sambýlisvandamálum að Þingvallastræti 22 vera þá að ganga sem fyrst frá skriflegu samkomulagi um þau ágreiningsefni, er deilum hafa valdið hingað til. Ég verð þó að vekja athygli yðar á því, að offors umbj. yðar er síst til þess fallið að liðka fyrir samningagerð, og nefni í því sambandi, að áður tilvitnað bréf yðar barst mér rúmum sólarhring eftir fyrsta fund okkar um málefni umbjóðenda okkar, og var sá fundur jafnframt fyrsti fundur aðila eða umboðsmanna aðila um ágreiningsefnin. Er því að ósekju rætt þar um neitun umbj. míns á því að standa að samningagerð o. s. frv., því slík neitun hefur aldrei verið sett fram. Þá var áður tilvitnuð veggbygging hafin nokkrum dögum síðar, eða mánuðaginn 22. ágúst s.l., en til stóð, að við tækjum upp frekari samningaviðræður þann sama dag.

Vænti ég þess, að við getum tekið skjótt upp aftur samningatilraunir um

málefni umbjóðenda okkar og að þér letjið umbj. yðar til frekari gerræðisfullra og grunnhyggna aðgerða, meðan á þeim samningatilraunum standur.“

Eftir þessar gagnkvæmu áminningar virðist samkvæmt skjölum málsins ríkja friður með aðiljum málsins þar til 4. nóvember 1978. Í millitíðinni, eða nánar tiltekið þann 21. júní 1978, sendir þáverandi lögmaður aðalstefnanda, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, lögmanni gagnstefnanda, Stefáni Pálssyni héraðsdómslögmanni, tillögu að samkomulagi milli eigenda húseignarinnar nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri, og er skjal þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 21.

Þann 4. nóvember 1978, laust eftir kl. 1300, hringdi á lögregluvarðstofuna á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22, og óskaði eftir lögregluaðstoð að heimili sínu vegna framkvæmda, sem hafnar væru af einum eiganda hússins, gagnstefnanda Ólafi Rafri Jónssyni. Væru verktakar á hans vegum að brjóta niður hluta af bílskúr norðan við húsið.

Lögreglumennirnir Þorsteinn Pétursson og Páll L. Rist fóru á staðinn, og gerði sá fyrirnefni skýrslu um atburðinn, og er hún þingmerkt á dómskjali nr. 22, og segir þar svo: „Á staðnum höfðum við tal af nefndri Grímu. Hún benti okkur á framkvæmdir, sem hafist höfðu í dag á þaki bílskúrs og sameignar, sem standa norðan nefnds húss. Verið var að brjóta með loftpressu þak á skúrnum, þar sem það kom að íbúðarhúsinu. Að sögn Grímu er nefndur skúr að mestu í hennar eigu. Þó er á milli skúrsins og íbúðarhússins sameiginlegur inngangur (bakdyrainng.). Vestan við innganginn er smá geymsla, sem er í eigu Ólafs Rafns Jónssonar. Sjálf bílgeymslan væri í sinni eigu. Undirritaður hafði síðan tal af Ólafi. Hann sagðist aðeins ætla að brjóta niður geymslu þá, er væri í sinni eign. Annað ætlaði hann sér ekki að framkvæma og hann mundi gæta þess að skemma ekki annarra eign. Framkvæmdir voru þá aðeins stutt á veg komnar við að brjóta niður þak geymslunar.“

Um kl. 15:45 hringdi á stöðina Björn Guðmundsson heilbrigðisfulltrúi. Nefnd Gríma hafði þá hringt til Björns, vegna þess að nú væru hafnar framkvæmdir á sameigninni. Undirritaður fór þegar á staðinn ásamt Daniel Snorrasyni lögreglumanni. Búið var að brjóta þak bílskúrsins upp við íbúðarhúsið upp yfir sameigninni. Ólafur svaraði því til, að sér hefði komið til hugar að rífa alveg sund milli húss og bílskúrs. Hann kvaðst gera þetta upp á eigin ábyrgð, án nokkurs samráðs við aðra eigendur eða með leyfi byggingarnefndar Akureyrar. Eftir nokkuð málþóf féllst Ólafur á að hætta frekari framkvæmdum við sameignina. Hann mundi fúslega bæta þeim, er ættu sameignina með sér, það tjón, er hann hafði valdið.

Það skal tekið fram, að reynt var að ná sambandi við fulltrúa byggingarnefndar, en það tókst ekki.“

Þann 5. nóvember 1978, kl. 1645, hringdi aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, á lögregluvarðstofuna á Akureyri og sagði, að meðeigandi sinn að Þingvallastræti 22, Ólafur Rafn Jónsson, gagnstefnandi, væri aftur farinn að láta brjóta niður þak með loftpressu, þar sem frá hafði verið horfið daginn áður, svo sem greint var frá í skýrslu Þorsteins Péturssonar lögreglumanns.

Kjartan Sigurðsson varðstjóri fór á vettvang ásamt lögreglumönnum Ólafi Ásgeirssyni og Stefáni Tryggvasyni, og er skýrsla Kjartans varðstjóra um atburðinn þannig:

„Er við komum að Þingvallastræti 22, voru þrír menn á þaki umræddrar viðbyggingar og unnu með loftpressufleygumri að því að brjóta þak viðbyggingarinnar, rúmlega meters breiða rönd norður frá húsveggnum, austur frá þeim stað, sem hætt hafði verið daginn áður, og áttu ekki eftir nema á annan meter austur á brún.

Undirritaður fór að aðaldyrum íbúðar Ólafs Rafns og gerði boð fyrir hann, en nokkur dráttur var á, að hann kæmi til dyra. Þegar Ólafur Rafn kom til dyra, bað hann undirritaðan að ganga inn og tala við bæjarfógetann, Ófeig Eiríksson, sem væri í símanum. Í símanum tjáði bæjarfógeti undirrituðum, að Ólafur Rafn mundi ekki vera að valda skemmdum á húsinu, heldur einungis að uppfylla kröfu heilbrigðisyfirvalda varðandi vatnsleka eða raka í íbúð sinni, og taldi bæjarfógeti, að aðgerðir lögreglunnar frá deginum áður varðandi þetta mál meira en óheppilegar og væri ekki hans vilji, að áframhald yrði á slíkum aðgerðum.

Undirritaður spurði Ólaf Rafn um eðli aðgerða hans, og staðfesti hann, að hann væri einungis að framkvæma kröfu heilbrigðisyfirvalda. Ekki hafði lögreglan frekari afskipti að þessu sinni af margnefndum múrbrotum viðbyggingar þessarar.“ Er skýrsla Kjartans varðstjóra einnig þingmerkt á dóm skjali nr. 22.

Á dóm skjali nr. 22 er einnig eftirfarandi lögregluskýrsla tekin af aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur.

„Mánudaginn 6. nóvember 1978 kl. 10:30 er mætt á lögreglustöðinni á Akureyri Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22, Akureyri, þeirra erinda að kæra meðeigendur sína að Þingvallastræti 22, þau Danielle Somers og Ólaf Rafn Jónsson, fyrir skemmdarverk á sameign og eyðileggingu á bifreiðageymslu, sem sé sín séreign. Gríma vísar til munnlegrar kærur sinnar til lögreglunnar frá s. l. laugardegi, segir, að lögreglan hafi komið á vettvang, og varð sú heimsókn til þess, að móteigandi hennar hætti fyrrgreindum skemmdarverkum í bili. Mætta vísar einnig til munnlegrar kærur

sinnar til lögreglunnar frá því milli kl. 16:00 og 17:00 í gærdag, en þá hafi verið hafnar framkvæmdir við sömu skemmdarverk að nýju.

Mætta tekur fram, að í gærdag hafi þakið, sem byrjað var að brjóta s. l. laugardag og greint er frá í skýrslu lögreglunnar, verið brotið alla leið austurúr frá norðurvegg hússins.

Gríma tekur fram, að hún áskilji sér rétt til fullra bóta frá fyrrgreindum meðeigendum sínum vegna framangreindar skemmdarverka.

Upplesið játað rétt.“

Þann 3. desember 1978 ritar gagnstefnandi Danielle Somers þáverandi bæjarfógeta á Akureyri, Ófeigi Eiríkssyni, svohljóðandi bréf, sem er á dóm skjali nr. 10:

„Síðastliðið fimmtudagskvöld skömmu eftir kl. sex sneri ég heim úr verslunarferð ásamt þriggja mánaða barni mínu og tveim sonum, tveggja og fjögurra ára. Í fylgd með okkur var 12 ára gömul telpa, Þorbjörg Birgisdóttir, en hún er fjölskylduvinur.

Ég sté út úr bílnum, er heim var komið, en honum lagði ég að vanda á lóð sem er í óskiptri sameign en vestan við þann eignarhluta minn er áður var hluti skúrræksnis þess er enn stendur, illu heilli, og er nú í eigu andbýlings míns Grímu Guðmundsdóttur.

Kom þá skyndilega á vettvang einhver maður, mér með öllu ókunnur, og skipaði hann mér að færa bílinn með svofelldum orðum: „Heyrðu villtu færa bílinn“ og orðum hans fylgdi nokkur þungi og æsingur. Þegar ég lét orð hans sem vind um eyrun þjóta lét hann ekki deigan siga heldur skipaði hann mér eða öllu heldur ógnaði með orðunum: „Á ég að láta draga bílinn?“

Þessum tilmælum svaraði ég á frönsku með: Je ne comprend pas“ þ. e. a. s. ég skil ekki. Sneri hann sér þá að Þorbjörgu litlu og mælti: „Segðu henni að færa bílinn.“ Tvisvar talaði hann þannig til telpunnar en í bæði skiptin svaraði hún „Ha.“ Skyndilega stundi þá maðurinn af bræði og virtist til alls vís.

Ég skeytti engu um mann þann er hér hafði borið að garði en flýtti mér inn íbúð mína. Hálfum klukkutíma síðar hringdi eiginmaður minn frá Reykjavík og bað mig að koma skóm á næstu flugvél til Reykjavíkur en til þess að mér tækist þetta hefði ég orðið að fara fram á flugvöll fyrr en síðar.

Skömmu síðar eða u. þ. b. 45 mín. seinna, hringdi dyrabjallan hjá mér og var þá kominn sami ókunni maður og fyrr hafði komið fram af slíkum dónaskap. Þorbjörg svaraði bjöllumni en maðurinn ókunni spurði eftir föður hennar. Hún bað manninn að biða andartak á meðan hún kom og sagði mér frá því hver væri við dyrnar. Með því að ég hefði aldrei vanist

svo dónalegri framkomu og af því að ég var hrædd við manninn, en sömu sögu er að segja um Þorbjörgu, lokaði ég hurðinni við nefið á manninum.

Skömmu síðar varð mér lítið út um eldhúsgluggann enda ætlaði ég að fara fram á flugvöll með umbeðna sendingu til eiginmanns míns. Sá ég þá að hinn ókunni hafði lagt bíl sínum, A-4710 grænum Mercury, skáhallt fyrir aftan bíl okkar þannig að hinn síðarnefndi var lokaður af og komst ekki frá húsinu. Varð því ekki af því að ég kæmist með pakkann til manns míns.

Klukkan 2100 eða u. þ. b. um kvöldið hringdi síðan einhver og spurði eftir manni mínum. Þorbjörg varð fyrir svörum og bar hún þegar kennsl á röddina. Sagði hún mér að þar væri maðurinn sem talað hefði svo ókurteislega til okkar fyrr um kvöldið. Ekki sagði maðurinn til sín. Spurningu hans svaraði Þorbjörg á þá leið að sá sem spurt væri eftir væri ekki heima.

En síðar um kvöldið, þ. e. klukkan um 2300, hringdi einhver og urraði í símann „gott kvöld.“ Var nú sami maður enn að verki og spurði hann eftir manni mínum. Ég spurði hann nokkrum sinnum að nafni og loks svaraði hann „Arnór.“ Hann spurði, hvort maðurinn minn væri menntaskólakennari og hvort ég væri konan hans. Ég svaraði því til að við værum önnur káfan og maðurinn minn þekkti engan að nafni Arnór. Lagði ég síðan tólið á.

Á föstudagskvöldið s. l., en þá var eiginmaður minn kominn frá Reykjavík, hringdi síminn klukkan um 2300 um kvöldið. Var þá í símanum einhver er nefndi sig Jón. Maðurinn minn tók símann og virtist honum undarlegt að maður honum með öllu ókunnugur skyldi hringja svo síðla kvölds. Fljótlega áttaði hann sig þó á því að hér var sá ókunni frá kvöldinu áður, en undir nýju nafni að vísu.

Erindi mannsins virtist eitthvað tengt bílskúrsræksninu en maðurinn minn bað þennan ókunna mann, er virðist leiguliði Grímu Guðmundsdóttur, andbýlings okkar, að ræða slík málefni við bæjarfógeta. Enn fremur tók hann framm að við myndum engan yfirgang þola af hálfu leiguliða Grímu kerlingar.

Eru það tilmæli mín við Bæjarfógetaembættið að okkur verði tryggður friður gagnvart slíkum yfirgangi sem að ofan greinir af hálfu leiguliða andbýlings okkar.“

Þann 4. desember 1978 ritar gagnstefnandi Danielle Somers bæjarfógetanum á Akureyri aftur bréf, og er það þingmerkt sem dómsskjal nr. 11, og hljóðar það þannig:

„Aðfaranótt laugardags, annars desember s.l., um fjögur leytið bárust inn til okkar mikil læti og hávaði frá götunni svo og ofan af efri hæð húss okkar. Við létum hvort tveggja afskiptalaust en okkur ofbauð þegar hringt

var ákaflega á bjöllunni hjá okkur og síðan barið harkalega á þær svona til árettingar.

Ég fór fram úr til að sinna barsmíðum þessum og lauk upp dyrunum. Fyrir utan þær stóð illa ljóshærð stúlka ung og all ölvuð. Spurði hún eftir leigjanda Grímu kerlingar, Gunnari Jóhannssyni, og bætti við að hann væri „lögga.“ Ég svaraði því til að enginn með því nafni byggi í okkar íbúð. Ekkert lét ég upp hvar nefndur Gunnar byggi.

Skömmu síðar varð þó ljóst að stúlkan hefði fundið mann þann er hún leitaði að, því allt í einu magnaðist hávaðinn frá efri hæðinni mjög, en hann hafði verið all mikill um langt skeið. Þótti okkur nú skörin færast upp í bekkinn, enda ekki þægilegt að vera með smábörn, allt frá þriggja mánaða til sex ára, sofandi við slíkan hávaða. Voru þau og tekin að ruinska vegna skarkalans frá efri hæð.

Við svo búið varð ekki lengur unað og hringdi ég því umsvifalaust til lögreglunnar og kvartaði undan þessum látum. Skömmu síðar komu nokkrir lögreglumenn á vettvang og fjarlægðu þeir kvenmann þann er ókyrrðina magnaði en ekki varð það alveg þægjandi og hljóðalaust þar eð hún heyrðist æpa „sleppið mér.“

Tekið skal fram að eigandi íbúðar á efri hæð var heima meðan á látum þessum gekk og virtist ekkert aðhafast til að draga niður í þeim er hæst höfðu, þrátt fyrir að henni er vel kunnugt um það að smábörn séu á neðri hæð. Teljum við þetta brot á umgengisreglum sbr. 13. gr., laga nr. 59 frá 31. maí 1976.

Vænti ég þess að Bæjarfógetaembættið reyni að tryggja okkur frið fyrir slíkum óþægindum af hálfu leiguliða Grímu kerlingar Guðmundsdóttur.

Þann 8. desember 1978 ritar þáverandi lögmaður aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson eftirfarandi bréf, þar sem henni er veitt síðasta aðvörun samkvæmt 17. gr. laga nr. 59/1976, og er bréf þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 12 og hljóðar þannig:

„Ég skrifa yður þetta bréf fyrir hönd frú Grímu Guðmundsdóttur vegna þeirra sambúðarvandamála, sem verið hafa í húsinu að Þingvallastræti 22, Akureyri, eftir að þér fluttuð þangað ásamt fjölskyldu yðar.

EKKI verða hér öll tilvik tíunduð, fjarri því. Aðeins skal minnt á það, hvornig þér hafið sóttst eftir að safna sorpi í sameiginlegt húsrými og á lóð, svo sem skjalfest er í opinberum gögnum frá undanförunum árum. Enn fremur framkomu yðar vegna brunans á árinu 1977, svo sem yður hefur fyrr verið ritað um.

Allt frá því að ég hóf afskipti af máli þessu á árinu 1977, hef ég lagt áherslu á, að gerður yrði sameignarsamningur um húseignina, svo sem lög standa til. Hef ég komið á framfæri við yður tillögum að slíku samkomu-

lagi, sem í raun sagði aðallega það, sem sjálfsagt er samkvæmt lögum. Lengi vel vænti ég þess, að þér væruð fánlegar til samkomulags um þau atriði, sem varða sameiginlegt viðhald, afnot þvottahúss og annað, sem sameignina varðar. Gerði ég mér ferð til Akureyrar síðla september s. l. í þeim tilgangi að ganga frá slíku samkomulagi. Átti ég þá fund með yður, eiginmanni yðar og lögmanni, Stefáni Pálssyni hdl. Þar kom fram, að þér væruð ekki til viðtals um neina samningagerð varðandi sambýlisháttu á neinn veg, enda telduð þér yður hafa öðrum hnöppum að hneppa fjárhagslega en þeim að standa að sameiginlegu viðhaldi. Þá skipti yður ekki máli, hvað segja kynni í lögum um afnot af sameiginlegu rými.

Eftir þetta skeði það, að þér rufuð vatsleiðslu til eignarhluta umbj. míns. Varð því aðeins komið í lag fyrir atbeina bæjarfógetans á Akureyri. Þá var það í síðasta mánuði, að þér í algjöru heimildarleysi rifuð niður hluta af sameigninni að Þingvallastræti 22. Er áskilinn allur réttur til bóta vegna þessa.

Loks hafið þér verið staðnar að því nú fyrir skemmstu að sprauta í verulegu frosti vatni á tröppur umbj. míns. Þessi vatnsaustur yðar varð að vísu til einskis annars en að valda umbj. m. vandræðum, en nærri má geta, hvort hér hefði ekki getað orðið slys af.

Af öllum framangreindum ástæðum, svo og raunar fleirum, er yður hér með veitt síðasta advörun skv. 17. gr. laga nr. 59/1976. Lýtur sú advörun að tvennu. Þess er að sjálfsgöðu krafist, að þér hegðið yður, svo og yðar fólk, með þeim hætti sem umbj. m. á kröfu á, svo hún þurfi ekki að þola frekari vandræði af sambýlinu. Þá er þess krafist, að þér gangið til samninga um sambýlið, svo sem lög standa til. Um hið síðara er yður gefinn einnar viku frestur frá birtingu þessa bréfs til að koma fram með tillögur yðar. Hafi mér ekki borist þær innan þess tíma, mun verða litið svo á, að þér séuð enn sem fyrr þess sinnis að vilja ekki neina samninga um þetta efni.

Á það skal engin dul lögð, að langlundargeð umbj. míns er þrotið. Hún getur alls ekki unað áframhaldandi sambýli við yður að óbreyttu og verði ekki breyting á, mun hún leita löglegra ráða til að binda endi á það.

Það skal að lokum itrekað, að bréf þetta er síðasta advörun til yðar skv. 17. gr. laga nr. 59/1976.

Þann 17. janúar 1979 ritar lögmaður gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, lögmanni aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, svo og aðalstefnanda bréf, þar sem aðalstefnanda er veitt lokaaðvörun skv. 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976, og er bréf þetta þingmerkt sem dóm-skjal nr. 13 og er svohljóðandi:

„Mér og umbjóðanda mínum frú Danielle Sommers Jónsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, hefur borist bréf yðar, dags. 8. desember 1978. Umbjóðandi minn hefur falið mér að svara bréfi þessu, en meginefni bréfsins, eftir að raktar hafa verið nokkrar rangar og ósæmilegar ásakanir í garð umbjóðanda míns, er að veita: „síðustu aðvörun skv. 17. gr. laga nr. 59/1976.“ Síðar í bréfinu segir: „Þess er að sjálfsögðu krafist, að þér hegðið yður, svo og yðar fólk, með þeim hætti sem umbj. minn á kröfu á, svo hún þurfi ekki að þola frekari vandræði af sambýlinu.“

Vegna ofanefndrar aðvörunar og krafna má benda á, að umbj. yðar hefur gerst margbrotleg við sambýlisreglur, og má hér á eftir nefna nokkur atriði.

1. Leigir áttæðu gamalmenni geymsluherbergi í kjallara hússins undir því yfirskeyni, að um íbúð sé að ræða, þótt þar hafi aldrei verið samþykkt íbúð og varanleg dvöl fólks í kjallaranum sé andstæð ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og byggingarsamþykktar. Húsið að Þingvallastræti 22 er byggt sem tvíbýlishús, og er það ósvífni af hálfu umbj. yðar að freista þess að búa til íbúð úr geymsluherbergjum í kjallara, en herbergi þessi eru hálfniðurgrafin, ekki kynnt af miðstöðvarkerfi hússins og hafa á engan hátt þá eiginleika, sem byggingarsamþykkt ætlast til, að íbúðir hafi. Það er að bera í bakkafullan lækinn að ætlast til þess, að umbj. minn samþykki óátalið þessa þriðju íbúð í húsinu, með því m. a. að þvo ekki þvott í þvottahúsi kjallara eftir kl. 8 á kvöldin og um helgar og með því að deila þvottahúsafnotum með gamalmenninu, sem hefst við í geymsluherbergjunum.

2. Leigir út bílskúr á sameiginlegri lóð til bílaviðgerða, en bílskúrsleigjandinn hefur þráfallega raskað ró umbj. minna með dyrabjölluhringingum og símhringingum að kvöldlagi auk þess að valda þeim óþægindum með því að leggja bíl sínum þvert fyrir bíl þeirra.

3. Leigir út hluta af sinni íbúð á efri hæð hússins til fólks, sem hefur uppi mikla háreisti um nætur, og hefur lögreglan þurft að hafa afskipti af þessum leigjendum og gestum þeirra.

4. Lét reisa vegg í kjallara þannig, að hluti af séreign umbj. míns er nú tilheyrandi séreign umbj. yðar. Þessi veggbygging var gerð án allra heimilda byggingaryfirvalda og án samþykkis umbj. míns, og er ljóst, að færa verður vegg þennan á rétt merki við fyrstu hentugleika.

5. Laumast til þess að næturþeli að mála grindverk við húsið án alls samráðs við umbj. minn og hefur meðal annars valdið þeim óþægindum, að börn umbj. míns, sem verið hafa að leik í garði hússins, hafa útatað sig í málningu.

6. Hefur borið þær röngu sakargiftir á umbj. minn fyrir lögreglu, að umbj. minn hafi orðið völd að íkveikju í kjallara hússins, en eldsvoði varð þar hinn 26. júlí 1977.

7. Kom því svo fyrir, er starfsmenn hitaveitu Akureyrar lögðu heimtaug að húsinu, að hitaveituinntak var einungis lagt inn í séreign umbj. yðar, þó svo að umbj. minn hafi upphaflega pantað hitaveitu í húsið.

Ég hefi hér að ofan drepð á nokkur atriði, sem vart samrýmast góðum sambýlisháttum, en hefi sleppt fjölda tilvika, svo sem þráfaldlegum lög-regluheimsóknum að beiðni umbj. yðar, án nokkurs tilefnis af hálfu umbj. minna, og alls konar rógburðs og sögusagna af hálfu umbj. yðar um umbj. mína, sem ekki verður frekar rakið hér.

Hegðun umbj. yðar gefur ærið tilefni til þess að gefa lokaaðvörun um ráðstafanir, ef þörf krefur, í samræmi við 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976. Bréf þetta ber að skoða sem slíka aðvörun.

Vænti ég þess, að umbjóðandi yðar virði eftirleiðis sambýlisreglur og rétt umbjóðanda míns sem sameiganda að húsinu Þingvallastræti 22.“

Eftir þessar gagnkvæmu lokaaðvaranir aðilja málsins verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að kyrrt hafi verið með aðiljum um sinn, en þann 21. mars 1979, um kl. 1055, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir lögreglu á heimili sitt vegna skemmdarverks, sem þar hefði verið unnið. Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn ásamt Felix Jósafatssyni lögreglumanni, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu um atburðinn: „Í Þingvallastræti 22 hittum við fyrir áðurnefnda Grímu. Hún sagði okkur, að s. l. nótt milli kl. 02.00 og 03.00 hefði rafmagn farið af íbúð sinni. Kvaðst hún ekki hafa athugað það frekar og talið, að það stafaði af einhverjum eðlilegum orsökum. Þegar rafmagnið hefði ekki verið komið á í morgun kl. rúmlega 09.00, kvaðst hún hafa farið að athuga um rafmagnstöflu í kjallara hússins, en það hefði verið sá hluti hússins, sem var rafmagnslaus, en þar leigir Dusine Kristjánsson.

Gríma sagði, að þegar hún hefði athugað umrædda rafmagnstöflu, hefði komið í ljós, að höfuðrofi hafði slegið út. Hún kvaðst hafa sett rofann á og þá hefði rafmagnið komið aftur.

Gríma kvaðst hafa farið að athuga í skápinn, þar sem rafmagnstaflan er, og þá hafi komið í ljós, að þar var allt fullt af vatni. Sagði hún þetta vatn af mannavöldum og það væru íbúar á miðhæð, sem bæru ábyrgð á því.

Undirritaður kannaði umræddan skáp. Hilla, sem er rétt neðan við rafmagnstöfluna, var rennandiblaut af vatni. Virðist greinilegt, að vatn hefur komist í þennan skáp með einhverjum hætti.

Norðar við vegginn, sem rafmagnstaflan er á, er sameiginlegt þvottahús fyrir alla íbúa hússins, en þetta þvottahús er þó nær eingöngu notað af íbúum miðhæðar. Upp við loft í þessu þvottahúsi liggja vatnsrör í gegn-

um vegginn og inn í þennan skáp, þar sem rafmagnstaflan er. Illa hefur verið steypt að þessum rörum, þannig að op er meðfram þeim milli þvottahússins og skápsins, þar sem rafmagnstaflan er. Virðast allar líkur á, að vatni hafi verið sprautað úr þvottahúsinu inn með vatnsrörum og inn í töfluskápinn. Einnig væri möguleiki, að vatn þetta hefði komið inn með rörum frá stigagangi miðhæðar, en þessi stigagangur liggur rétt vestan við þennan umrædda skáp. Hefði þá í því tilfelli þurft að sprauta vatninu inn með rörum.

Ekki var að sjá, að vatn þetta gæti hafa komist í skápinn eftir öðrum leiðum, og ekki annað að sjá en það hljóti að hafa verið viljaverk, að vatnið fór inn í skápinn.

Gríma sagði, að hún hefði orðið vör við, að íbúar á miðhæð hefðu verið á fótum fram eftir nóttu og meðal annars verið í þvottahúsi.

Íbúar á miðhæð eru Ólafur Rafn Jónsson og kona hans, Danielle Somers, og ung börn þeirra.

Ekki hafði undirritaður tal af íbúum á miðhæð, en samkvæmt símtali við bæjarfógeta hafði Danielle pantað viðtal við hann eftir hádegi í dag, og ætlaði bæjarfógeti að ræða þetta mál við Danielle, þegar hún kæmi til hans.

Er lögregluskýrsla þessi þingmerkt sem dómskjal nr. 24.

Þann 22. apríl 1979 um kl. 2307 hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir því, að lögreglan kæmi í húseign sína og liti þar á skemmdir, sem unnar hefðu verið á vegg í kjallara hússins.

Karl J. Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri fór á vettvang ásamt lögreglumannni nr. 5, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 25:

„Þarna hagar svo til, að Gríma býr á efstu hæð hússins, en það er tvær hæðir og kjallari. Á miðhæðinni býr Ólafur Rafn Jónsson, f. 8/7 '36, ásamt konu sinni, Danielle Somers, f. 28/2 44, og börnum, en í kjallaranum býr Dusine Kristjánsson, f. 22/10 00. Í kjallaranum var sameign, sem skipt var síðar með vegg hlónum úr múrsteini. Er veggur þessi á milli eignar miðhæðar og íbúðar þeirrar, sem Dusine er í. Höfðu nú verið rekin eða boruð þrjú göt á veginn, var vidd þeirra um 4 til 5 mm. og nokkuð flagað úr múrhúðuninni við hvert gat. Á veggnum var eitt gat nokkru víðara, en það mun vera gamalt. Mun verða lögð fram bótakrafa vegna skemmda á veggnum, en ljóst var, að götin voru gerð frá eignarhluta miðhæðar.

Hafði ég tal af Ólafi, en hann kvaðst ekkert vita um tilkomu þessara gata.

Þess skal getið, að að sögn Dusine höfðu götin verið gerð rétt áður en Gríma hringdi á lögreglustöðina í umrætt sinn.“

Þann 26. apríl 1979 hringdi aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, á lögreglustöðina á Akureyri og kærði undan óþægindum vegna tónlistar, er kæmi úr kjallarauppgangi miðhæðar hússins að Þingvallastræti 22 á Akureyri. Gunnar Randversson aðstoðarvarðstjóri fór á staðinn og gerði eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 26: „Laust eftir kl 15:00 hringdi á lögregluvarðstofuna Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22, Akureyri, sem kærði undan óþægindum, er leigjandi sinn, Dusine Kristjánsson, yrði fyrir vegna útvörpunar tónlistar, er kæmi úr kjallarauppgangi miðhæðar hússins. Eigandi miðhæðar og kjallara að hluta er Ólafur Rafn Jónsson og kona hans, Danielle Somers, en þar búa þau með börnum sínum.

Gríma kvaðst vera eigandi efri hæðar og að hluta kjallara, en húsið er tvær hæðir og kjallari. Dusine er leigjandi í kjallaranum, þeim hluta sem er eign Grímu.

Við lögreglumenn fórum í nefnda kjallaraðibúð ásamt Grímu, Dusine og Rósu Rögnvaldsdóttur, Þingvallastræti 42, Akureyri, sem var gestkomandi.

Er við komum í hol kjallaraðibúðar, heyrðum við háværa tónlist, er virtist koma úr skáp, sem er þar á millivegg. Veggurinn skilur að nefnda íbúð og kjallarauppgang miðhæðar. Skápurinn nær frá gólfi til lofts og skiptist í efri og neðriskápa. Virtist tónlistin koma úr efriskáp.

Við lögreglumenn opnuðum skápinn og sáu, að nokkuð sver hitarör voru efst í honum, en þau munu liggja inni kjallarauppgang og þaðan vestur í kyndiklefa (Næturhiti), sem ekki er lengur notaður. Einnig mun hafa verið þarna rafm.tafla, og var það sjáanlegt af járnplötu, er var í opi á milliveggnum. Virtist sem hátalari eða hljómf. tæki væri staðsett við rörin eða járnplötuna. Rúmt var um rörin í skápnum, og var rifa meðfram þeim, þar sem þau lágu yfir í kjallarauppganginn.

Það var greinilegt, að einhver virtist fylgjast með hinumegin við vegginn, því við reyndum að prika með rörbút meðfram rörunum, en þá sáu við, að tuskudrulsu var kastað á rörbútin.

Við lögreglumenn sögðum Grímu, að af fenginni reynslu lögreglunnar af þeim hjónum Ólafi og Daniellu væri tilgangslaust að tala um við þau, en við sögðum henni, að við mundum biðja Matthías Einarsson varðst. að tala við Ólaf í síma. Þrátt fyrir margar tilraunir Matthíasar til að ná símasambandi við Ólaf tókst það ekki, en þó var vitað, að hann var heima.“

Síðar sama dag hringdi aðalstefnandi Gríma Guðmundsdóttir á lögreglustöðina á Akureyri og kvartaði um hávaða frá íbúð Ólafs Rafns Jónssonar, Þingvallastræti 22, Akureyri, og gerði Valgeir H. Axelsson aðstoðarvarðstjóri, eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 27:

„Kl. 20:40 hringdi á lögreglustöðina Gríma Guðmundsd., Þingvallastræti 22, og kvartaði undan miklum hávaða, sem bærisk frá miðhæð hússins, en það er tvær hæðir og kjallari, og er Gríma eigandi að efri hæð þess, þar sem hún býr, og einnig kjallara, en þar er leigjandi Dusine Kristjánsson.

Eigandi neðri hæðar hússins er Ólafur Rafn Jónsson, og býr hann þar ásamt konu sinni, Danielle Somers.

Undirritaður fór á staðinn ásamt Felix Jósafatssyni, lögreglum., og hittum við þær Grímu og Dusine í íbúð þeirrar síðarnefndu.

Norðan við íbúð hennar er bakdyrainngangur í íbúð Ólafs, en þunnur hlaðinn skilveggur á milli.

Allmikill hávaði frá útvarpstæki heyrðist í gegnum vegginn, og sagði Dusine, að það hefði verið opið frá því kl. 08:00 í morgunn og valdið sér óþægindum, þar sem það hefði verið hátt stílt.

Svo hefði það gerst seinna í dag, að farið hefði verið að berja í vegginn milli gangs og íbúðar hennar, og óttaðist hún, að veggurinn brotnaði niður, en hann virtist vera sprunginn frá lofti og einnig frá þvervegg, sem hann var hlaðinn að.

Mjög voru þær Gríma og Dusine órólegar yfir þessu ástandi og óskuðu eftir frekari lögregluaðgerðum í máli þessu.

Árni Magnússon, varðstjóri, hafði símasamband við Ófeig Eiríksson, bæjarfógeta, út af máli þessu, og mun hann hafa talað við Ólaf Rafn, sem hefði talið, að ekki yrði um frekari hávaða að ræða í nótt.

Þann 27. apríl 1979 hringdi aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, enn á ný á lögreglustöðina á Akureyri og óskaði eftir lögregluaðstoð, og fór Karl J. Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri á vettvang ásamt lögreglumanni nr. 1, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dóm-skjal nr. 26: „Þann 27. sama mán. kl. 16:35 hringdi Gríma Guðmundsdóttir enn á lögreglustöðina og óskaði eftir aðstoð lögreglunnar. Sagði hún, að þá rétt áður hefði verið brotið gat á margáðurnefndan vegg, sem hlaðinn var úr múrsteini til aðgreiningar sameignar í kjallaraíbúð hússins. Fór ég undirritaður að sinna þessu ásamt lögreglumanni nr. 1.

Þarna hafði verið brotið um það bil hnefastórt gat á veginn. Var það um 1.8 m. frá gólfi. Þarna er gangurinn um 1.6 m. að breidd, og höfðu múrbrot kastast þvert yfir hann og inn í stofu, en stofudyrnar eru gegnt umræddu gati.

Þess skal getið, að Matthías Einarsson, varðstjóri, tilkynnti Ófeigi Eiríkssyni fógeta um atvik þetta strax eftir að athugun hafði farið fram.

Þann 14. júní 1979, kl. 1130, var hringt frá Þingvallastræti 22, Akureyri, og tilkynnt um, að búið væri að fremja skemmdarverk á bifreið Ólafs Rafns Jónssonar, sem er hvítur Fiat 125.

Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn ásamt Felix

Jósafatssyni lögreglumanni, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu, sem er þingmerkt sem dómskjal nr. 28: „Er við komum á staðinn, sáum við, að þrjú dekk á bifreiðinni voru vindlaus og eitt vindlitið. Umrædd bifreið stóð á bifreiðastæði vestan við Þingvallastr. 22.

Undirritaður hafði tal af Danielle Sommer, sem er eiginkona Ólafs Rafns. Hún sagði, að bifreiðinni hefði verið lagt þarna um kl. 22:00 til 23:00 í gærkvöldi og þá hefði allt verið með eðlilegum hætti.

Nú í morgun um kl. 09:00 hefðu dekkinn verið vindlaus. Frekari upplýsingar, sem að gangi mættu koma í þessu máli, hafði Danielle ekki.

Við athugun á dekkunum voru ekki að sjá neinar skemmdir, heldur virtist lofti hafa verið hleypt úr þeim um slönguventla. Ekki hefur tekist að hafa upp á, hver verknad þennan framdi.“

Þann 2. júlí 1979 kærði aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson til lögreglunnar á Akureyri fyrir árás. Er lögregluskýrsla varðandi það atvikið þingmerkt sem dómskjal nr. 29, og þykir rétt til glöggvunar að rekja skýrslu lögreglunnar á Akureyri um það atvik, eins og það er skráð:

„Mánudaginn 2/7 1979 kl. 11:10 kom á lögreglustöðina Gríma Guðmundsdóttir, 69 ára húsmóðir, til heimilis að Þingvallastræti 22, efstu hæð. Gríma kemur þeirra erinda að kæra árás á sig s. l. föstudag, um kl. 15:00. Gríma skýrir svo frá.

Þennan umrædda föstudag ætlaði ég að láta slá fyrir mig lóð mína að Þingvallastræti 22. Þingvallastræti 22 er í eigu Grímu Guðmundsdóttur og Ólafs Rafns Jónssonar, og lóð hússins er óskipt.

Ég hef slegið austurhluta lóðarinnar og lóðina milli stétta sunnan við húsið. Ólafur hefur hins vegar séð um hinn hluta lóðarinnar, og hefur hann verið heldur illa hirtur. Það hafa ekki verið höfð frammi nein mótmæli varðandi þessa tilhögun nema í eitt skipti í fyrra, að Danielle Sommer, kona Ólafs, setti sólbekk á lóðina, þegar ég ætlaði að slá.

Þennan föstudag fékk ég stúlku frá Félagsmálastofnun, Guðrúnu Friðmannsdóttur, til að slá fyrir mig, þar sem ég treysti mér ekki til þess sjálf.

Guðrún byrjaði nú að slá austan við húsið, en þá kom Danielle út úr sinni íbúð og fór að dreifa ýnsum hlutum um meiripart lóðarinnar sunnan við húsið, svo sem teppi, barnakerrur, stór steinn, og ein fjögur reiðhjól. Svo setti hún barn sitt tæplega árgamalt á teppi á miðja lóðina.

Guðrún fór þá til Danielle, sem var inni í sinni íbúð og talaði við hana og sagði, að hún væri að slá lóðina fyrir Grímu og bað Danielle að færa þessa hluti, sem á lóðinni væru. Danielle sagði þá eitthvað á þá leið, að hún þekkti enga Grímu og lokaði síðan hurðinni og talaði ekki meira við Guðrúnu.

Guðrún kom þá til mín og sagði, að hún gæti ekki slegið lóðina fyrir dóti, sem Danielle væri búin að setja á hana.

Ég fór þá út og sagði, að það mætti að minnsta kosti slá helmingsinn af blettinum sunnan við húsið, þar sem ég er eigandi að meirihluta hússins. Fór ég þá að ýta við dóti, sem á lóðinni var þarna austan til. Ég var síðan að færa til reiðhjól, sem þarna var, þegar ýtt var við mér, þannig að ég hrasaði yfir hjólið, en kom þá fyrir mig höndum. Ég gat síðan risið upp, og þá sá ég Danielle standa yfir mér með uppreiddan sóp í höndunum og gerði sig líklega til að berja mig. Þá var Danielle með einhverjar formælingar, sem ég man ekki.

Ég hörfaði undan, og ég og Guðrún fórum inn í kjallara, og varð ekki meira af slætti þann dag. Daniellu lagðist síðan á sólbekk þarna sunnan við húsið, en fór síðan inn til sín nokkru seinna.

Þennan dag um kvöldið tóku þau Ólafur og Danielle allt dótið af lóðinni og síðan sló Ólafur það, sem eftir var að slá af lóðinni s. l. laugardag.

Þá vil ég láta það koma fram, að á s. l. vetri í töluverðu frosti var hringt í mig snemma að morgunlagi, var það Guðný Skaftadóttir, Vanabyggð 4c. Guðný sagði mér, að þegar hún hefði verið á heimleið þá um nóttina, hefði hún séð, að vatni var skvett út um glugga á íbúð Ólafs R. Jónssonar og á tröppurnar að íbúð minni. Guðný sagði, að þetta hefði verið um kl. 01:00 um nóttina og töluvert frost. Kvaðst Guðný vilja vara mig við, því sjálfsgætt mundi vera hálka á tröppunum.

Þennan morgun fór ég út kjallaramegin og skoðaði síðan tröppurnar, sem lágu upp að íbúð minni. Var þá klakastykki yfir meirihluta trappanna.

Það hefur gengið á ýmsu varðandi sambúð við þau Ólaf og Danielle í s. l. þrjú ár, og hef ég margsinnis kvartað og kært til lögreglu og bæjarfógetaembættisins á Akureyri. Þetta hefur hins vegar aldrei gengið eins langt og nú, að Danielle hafi lagt á mig hendur.

Varðandi þessa árás á mig s. l. föstudag, þá er ég með eymsli um líkamann, enda var ég slæm til heilsunnar áður. Þá skemmdust sokkar, sem ég var í.

Ég geri þá kröfu, að ég geti búið óhult í minni íbúð framvegis og verið óhult fyrir þessari konu. Þá geri ég þá kröfu, að ég geti látið slá lóð mína framvegis án árásar frá nágrennum mínum.

Þá vil ég geta þess, að það er óbærilegur hávaði frá íbúð Ólafs og Danielle á kvöldin allt fram um kl. 02:00 á nóttunni, og stundum lengur. Þá er til dæmis oftast nær þvegið eftir miðnætti í sjálfvirkri þvoitavél og síðan hurðarskellir og hávaði líkt og húsgögn séu flutt á milli herbergja og síðan látin skella í gólfíð.

Þetta hefur ekki verið rætt við þau Ólaf og Danielle, þar sem það er þýðingarlaust. Það hefur verið reynt að tala við Ólaf um ýmis ágreinings-

mál, en hann hefur ekki viljað ræða málin og bent á lögfræðing sinn í Reykjavík.

Þriðjud. 3/7 1979 mætti á lögreglustöðina að tilhlutan lögreglunnar Margrét Hallgrímsdóttir, 32 ára kennari, til heimilis að Grundargerði 1b, Akureyri. Margrét mætir sem vitni í framangreindu máli og skýrir svo frá eftir að hafa verið áminnt um sannsögli.

Það var s. l. föstudag sem ég var á gangi með tvær litlar dætur mínar austur Þingvallastræti og var á leið að Sundlaug Akureyrar.

Er ég var að koma á móts við Þingvallastr. 22, tók ég eftir konu, sem kom hlaupandi niður tröppur vestan á Þingvallastr. 22 og var með sóp í hendinni. Ég sá þá unga stúlku, sem var sunnan við húsið með sláttuvél, og var hún að slá. Á grasblettinum sunnan við húsið sá ég gamla konu, sem var á gangi á blettinum. Ég sá síðan þessa konu, sem var með sópinn, hlaupa að gömlu konunni og slá hana með sópnum og sagði eitthvað á þá leið, „farðu þarna í burtu helvítis kerlingin þín“, einhver fleiri orð hafði þessi kona, en ég man þau ekki. Þegar gamla konan varð fyrir högginu, þá hrasaði hún, en ég sá hana ekki detta. Hún hörfaði síðan undan, og ég geri mér ekki grein fyrir, hvort konan, sem var með sópinn, sló fleiri en eitt högg.

Ég hef aldrei séð þessu líki áður og varð mikið um þetta og var að hugsa um, hvort ég ætti að fara að skipta mér af þessu. Ég lét hins vegar ekki verða af því, þar sem þarna var ung stúlka inn á lóðinni, sem mundi sennilega aðstoða gömlu konuna. Ég hélt því áfram ferð minni. Áður var ég búin að sjá, að gamla konan og unga stúlkan, sem var að slá, fóru inn í húsið, en konan, sem var með sópinn, settist á sólbekk, sem þarna var sunnan við húsið, og var þá enn með sópinn í hendinni.

Ég vil að lokum taka fram, að ég þekki hvorugan þennan aðila og um engan kunningsskap að ræða milli mín og þeirra.

Þriðjud. 3/9 1979 kl. 16:10 var tekin eftirfarandi skýrsla af Guðrúnu Frimannsdóttur, 23 ára starfsmanni hjá Félagsmálastofnun Akureyrar. Hún mætir sem vitni í framangreindu máli og skýrir svo frá eftir að hafa verið áminnt um sannsögli.

Það var í s. l. viku sem Gríma Guðmundsdóttir hringdi á Félagsmálastofnun og bað um aðstoð við slátt á lóð sinni að Þingvallastr. 22. Fór ég til að vinna þetta verk, en hálfum mánuði áður hafði ég slegið þessa lóð fyrir Grímu, og þá bar ekkert til tíðinda. Það var s. l. föstudag sem ég fór að slá á þessum stað, og klukkan mun hafa verið ca. 14:30 sem ég byrjaði að slá. Ég byrjaði að slá austan við húsið, og um það leyti varð ég vör við Danielle Sommer, sem býr í vesturenda hússins, þar sem hún var að bera ýmislegt dót út á lóðina, sem er milli gagnstétta sunnan við húsið. Einnig setti hún tvö börn sín á teppi á þennan grasblett.

Þegar ég var búin að slá austan við húsið, fór ég til Grímu og sagði, að ég gæti slegið þennan blett sunnan við húsið, þar sem Danielle væri búin að setja ýmislegt dót þar. Gríma bað mig þá að slá það, sem ég gæti, á þessum bletti. Ég fór síðan að slá blettinn, en þá kom þar að drengur, ca 8 ára, og er sonur Danielle. Fór hann að tefja fyrir mér á allan hátt, meðal annars að draga ýmsa hluti fyrir sláttuvélina og var mjög dónalegur. Ég ætlaði svo að færa eitt reiðhjólið, sem þarna var, til að gera slegið, en þá sagði drengurinn, að ég ætti ekki þetta hjól og hefði ekkert leyfi til að snerta það.

Ég varð búin að verða var við, að Ólafur R. Jónsson, eiginmaður Danielle, var heima og hafði séð mig við sláttinn. Taldi ég rétt að fara og tala við þau hjónin og athuga, hvort þau mundu ekki fallast á, að dótið, sem var á lóðinni sunnan við húsið, yrði fært til, þannig að hægt væri að slá lóðina.

Fór ég því að dyrum að íbúð Ólafs og hringdi dyrabjöllu, og kom þá Danielle til dyra. Danielle sagði eitthvað á þá leið, „hvað heitir þú, og átt þú heima hér í húsinu?“ Ég sagði, hvað ég hét, og sagði jafnframt, að ég væri að slá fyrir Grímu og ætti ekki þarna heima. Danielle sagði þá eitthvað á þá leið, „ég þekki enga helvítis Grímu og komdu þér í burtu“, síðan skellti hún aftur hurðinni, og ég komst aldrei til að bera upperindið.

Ég fór nú til Grímu og ræddi þetta nánar við hana og sagðist ekki vilja gera meira í þessu máli. Gríma sagði þá, að það væri að minnsta kosti hægt að slá helmingsinn af þessum bletti, og ætlaði ég að gera það.

Gríma kom þá út með mér, og ég byrjaði að slá. Gríma fór þá að færa til dót á þessum lóðarbletti og tók það, sem var á austari helmingsnum, og færði yfir á þann vestari. Ég sá síðan, hvar Danielle kom hlaupandi niður tröppurnar frá sinni íbúð með sóp í hendinni. Danielle hljóp beint til Grímu, þar sem hún snéri sér í suður frá húsinu, og sló til hennar með sópnunum. Ég sá ekki, hvar höggið kom, en Gríma hrasaði áfram yfir tvö reiðhjól, sem þarna lágu, en kom síðan fyrir sig höndunum á lóðargirðinguna að sunnan, þannig að hún datt ekki á jörðina. Danielle hafði yfir einhver orð, þegar hún sló til Grímu, en ég get ekki farið með, hvað það var. Eftir að hún var búin að slá til hennar, þá settist hún á sólbekkin, sem þarna var, og sagði eitthvað við börnin, sem hún átti og þarna voru, en það var á máli, sem ég skildi ekki.

Gríma forðaði sér, eftir að Danielle var búin að slá til hennar, og ekki varð ég vör við, að hún talaði til hennar. Við Gríma fórum síðan inn í forstofu í hennar íbúð, og varð ekki af frekari slætti þennan dag.

Miðvikud. 12/9 1979 kl. 13:10 hafði undirritaður samband við Danielle Sommer, Þingvallastræti 22, í gegnum síma. Sagði ég við Danielle, að það hefði borist kæra til lögreglunnar á hendur henni varðandi atvik, er gerst

hefði í byrjun júlí s. l., er verið var að slá lóðina í Þingvallastr. 22. Óskaði ég eftir, að Danielle mætti hér á lögreglustöðinni til skýrslugerðar vegna þessa máls.

Danielle kannaðist við þetta mál, en færðist undan því að mæta til skýrslugerðar. Ítrekaði ég þá við Danielle, hvort hún vildi ekki mæta hér hjá lögreglu og gera grein fyrir sinni hlið málsins. Danielle sagði þá eitthvað á þá leið, að hún hefði ekkert við lögregluna að tala um þetta mál og lagði síðan símtólið á og sleit sambandinu.

Með hliðsjón af framansögðu virðist ekki vera grundvöllur til skýrslutöku af Danielle hér á lögreglustöð.“

Þann 16. júlí, um kl. 0420, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri Gríma Guðmundsdóttir, aðalstefnandi máls þessa, og kvartaði undan hávaða, er bæriskt frá íbúð Ólafs Rafns Jónssonar að Þingvallastræti 22, og kvað hún hávaða hafa verið nokkrar síðastliðnar nætur.

Valgeir H. Axelsson aðstoðarvarðstjóri fór á staðinn ásamt lögreglu-manni og gerði skýrslu um atvik þetta, en skýrsla Valgeirs er þingmerkt sem dómskjal nr. 30. Skýrir hann þar svo frá, að þeir lögreglumenn hafi farið á staðinn og hitt fyrir aðalstefnanda Grímu í íbúð hennar og heyrt allmikinn hávaða frá íbúð Ólafs Rafns, sem virtist koma frá útvarpsviðtæki, er var allhátt stillt og olli óþægilegum hávaða í íbúð Grímu. Hafi Gríma sagt þeim, að Ólafur væri einn í íbúðinni, þar sem eiginkona hans og börn væru erlendis, og óskaði hún eftir, að haft væri samband við Ólaf og hann beðinn að sjá til þess, að hávaða þessum línnti.

Kvaðst Valgeir hafa gert vart við sig á útidrym að íbúð Ólafs Rafns, en mikill hávaði frá útvarpstæki hafi greinilega heyrst út um opinn glugga á íbúðinni, og eftir nokkurn tíma hafi Ólafur komið til dyra, en áður hafi verið dregið niður í viðtækinu. Er Ólafi hafði verið skýrt frá umkvörtuninni um hávaða frá íbúð hans, hafi honum virst það koma mjög á óvart, en hafi þó sagst munu taka það til greina.

Þann 14. ágúst 1979 tók Árni Magnússon, varðstjóri í lögregluliði Akureyri, saman skýrslu að beiðni bæjarfógetans á Akureyri yfir erjur að Þingvallastræti 22, Akureyri, sem skráðar höfðu verið í dagbækur lögreglunnar árið 1978 og fram til þess dags, sem skýrslan var gerð, og er skýrsla þessi þingmerkt sem dómskjal nr. 31.

Hér að framan hafa verið rakin öll þau atvik, er í skýrslu þessari greinir, fyrir utan eitt, sem engin gögn hafa verið lögð fram um, en um atvik þetta segir svo í skýrslu Árna varðstjóra: „Þann 1. október 1978 kom á lögreglustöðina Smári Arnaldsson, læknir, þeirra erinda að kæra fyrir hönd móður sinnar, Grímu, vegna þess að ekki væri vatn í leiðslum í íbúð í kjallara hússins, sem Duisne býr í og Gríma leigir henni. Var talið, að Ólafur hefði tekið vatnið af. Um mál þetta gerði Björn Mikaelsson lögregluskýrslu.“

Þann 18. ágúst 1979, um kl. 1025, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri Erlingur Aðalsteinsson tæknifræðingur, Lerkilundi 6, Akureyri, starfsmaður Akureyrarbæjar. Óskaði hann eftir því, að lögreglan stöðvaði vinnu við glugga á íbúð Ólafs Rafns Jónssonar að Þingvallastræti 22, Akureyri. Varðandi atvik þetta gerði Erlingur Pálmason varðstjóri lögregluskýrslu og er hún þingmerkt sem dómskjal nr. 32, og segir í skýrslunni svo: „Tjáði Erlingur undirrituðum, að umrætt verk hafi verið stöðvað í gær, þar sem ekki lægi fyrir leyfi Byggingarnefndar Akureyrar né samþykki móteiganda hússins. Væri um útlitsbreytingu að ræða og væri hún háð áður nefndum leyfum.

Fór undirritaður á staðinn ásamt Karli Kristjánssyni aðstoðarvarðstjóra og Gunnari Jóhannssyni lögreglumanni nr. 17. Hittum við fyrir við tóma gluggatóft fyrrnefndan Ólaf Rafn og Sigurgeir Arngrímsson, Byggðavegi 146, f. 15/2 1954.

Var Sigurgeir að því virtist að vinna við umræddan glugga, var búið að hreinsa allt timburverk úr tóftinni. Bentum við honum á bann Byggingarnefndar við verki þessu, ekki virtist hann vita um umrætt bann.

Varð það úr, að Sigurgeir birgði tóftina og hætti síðan, þar til málið væri komið á hreint.

Meðan við ræddum við Sigurgeir, kom þarna að opna glugganum kona Ólafs Rafns, afklæddist hún að ofan, lét brækur síga og settist út í gluggakistuna og snéri bakhluta út. Ekki veit ég tilgang konunnar með þessari útstillingu.

Þetta tilkynnist yður hér með herra lögreglustjóri.“

Þann 22. ágúst 1979 gerði Gunnar Jóhannsson, lögreglumaður nr. 17 í lögregluliði Akureyrar, eftirfarandi lögregluskýrslu, og er hún þingmerkt sem dómskjal nr. 33:

„Samkvæmt ábendingu Jóns Geirs Ágústssonar, byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar, fór undirritaður í dag um kl. 15:00 að Þingvallastræti 22 hér í bæ til þes að athuga um framkvæmdir við gluggabúnað á miðhæð hússins, þ. e. í íbúð Ólafs Rafns Jónssonar, en áður nefndar framkvæmdir hafði lögreglan stöðvað þann 18/8 samkvæmt beiðni Erlings Aðalsteinssonar, tæknifræðings hjá Akureyrarbæ.

Þann 18/8 var búið að skipta um þrjá glugga í íbúð Ólafs, er verkið var stöðvað, og lofaði Ólafur þá, að ekki yrði meira um framkvæmdir fyrr en tilskilinna leyfa yrði aflað. En í gærkvöldi, þ. e. þann 21/8, mun hafa verið skipt um fjórða gluggann í íbúðinni. Mun sami maður, þ. e. a. s. Sigurgeir Arngrímsson, Byggðavegi 146, hafa unnið þessar framkvæmdir eins og við hina gluggana, sem settir voru í þann 17. og 18/8.

Ekki hafði undirritaður tal af neinum, er hann fór á staðinn í dag.“

Þann 23. ágúst 1979, um kl. 1045, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir lögreglu að Þingvallastræti 22, Akureyri, til að líta á skemmdir á vegg. Vörður Levi Traustason, lögreglumaður nr. 19, fór á staðinn ásamt tveim öðrum lögreglumönnum. Á staðnum hittu þeir fyrir Grímu Guðmundsdóttur, og sýndi hún þeim gat á vegg, sem er á milli íbúðar Ólafs Rafns Jónssonar og Grímu. Þarna hafði verið rör í gegnum vegginn, sem lá í miðstöðvarofn í íbúð Ólafs, sem hafði verið fjarlægt, og rörinu lokað með tappa. Til að fjarlægja rörið hafði verið brotið gat á vegginn, sem var 8.5x11 cm, og er lögregluskýrsla um atvik þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 34.

Þann 4. október 1979, um kl. 1745, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri Gríma Guðmundsdóttir, aðalstefnandi í máli þessu, og kvartaði undan hávaða og aðgerðum Ólafs Rafns Jónssonar, sem býr á miðhæð hússins að Þingvallastræti 22, Akureyri. Páll Þorkelsson lögregluþjónn fór á staðinn ásamt Valgeiri H. Axelssyni aðstoðarvarðstjóra, og gerði sá fyrirnefndi eftirfarandi skýrslu um atburð þennan:

„Á staðnum vísaði Gríma okkur inn í eldhús neðstu hæðar, en þar er Dusine Kristjánsson leigjandi. Mikil högg kváðu við frá miðhæðinni, líkast því að sleggju væri barið niður í gólf miðhæðar ofan við eldhús það, er við vorum staddir í. Suðaustur horn loftsins í eldhúsinu var orðið mjög mikið sprungið, og hrundi finpússning niður úr loftinu við hvert högg. Eins var veggur að sunnan ofan við glugga talsvert mikið sprunginn.“

Við lögreglumenn fórum að aðaldyrum miðhæðar og knúðum dyra. Eftir nokkra stund kom eiginkona Ólafs Rafns í glugga. Aðspurð kvað hún Ólaf ekki heima við. Ekki urðu orðaskipti fleiri, þar sem frúin lokaði glugganum.

Höfðum við samband við Erling Óskarsson, fulltrúa sýslumanns, og kom hann á staðinn. Náði hann þá tali af Ólafi heima við. Aðspurður kvaðst Ólafur vera að breyta íbúðinni og þyrfti m. a. að brjóta upp úr gólfi hjá sér. Kvaðst hann sjá um það verk sjálfur. Eftir samtali þeirra Erlings og Ólafs kvaðst Erlingur ekki geta stöðvað Ólaf við framkvæmdirnar. Var Grímu bent á að hafa samband við lögfræðing sinn til að fá lögbann á umræddar aðgerðir.

Gríma kvartaði einnig undan hávaða frá íbúð Ólafs á kvöldin og oft til kl. 03,00 á nóttunni. Benti Erlingur Ólafi einnig á þetta.“

Er lögregluskýrsla þessi þingmerkt sem dómskjal nr. 35. Þann 8. október 1979, um kl. 2030, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir, að lögreglan kæmi á heimili sitt vegna byggingarframkvæmda, sem áttu sér stað á miðhæð hússins að Þingvallastræti 22, Akureyri. Björn Mikaelsson lögreglumaður fór á staðinn

ásamt lögreglumanni nr. 19, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu:
 „Á staðnum hittum við áðurnefnda Grímu og Gunnar Jóhannsson, lög-
 reglumann, er byr þar einnig.

Á miðhæð hússins byr Ólafur Rafn Jónsson ásamt fjölskyldu sinni.

Frá þeirri hæð lagði mikinn hávaða. Var greinilegt, að þar var unnið með einhvers konar höggborvél. Á efstu hæð (þeirri þriðju) titruðu bæði gólf og veggir, og erfitt var að halda uppi samræðum sökum hávaða.

Kvað Gríma þennan hávaða hafa byrjað laust eftir kl. 19:00 og væri hann óþolandi.

Er við lögreglumenn yfirlögum húsið, var hringt aftur á lögreglustöðina og kvartað yfir hávaða frá áðurnefndri íbúð. Árni Magnússon, varðstjóri, hafði þá samband við fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, Erling Óskarsson. Kvað Erlingur Ólaf Rafn hafa tilkynnt sér í dag, að hann hygðist brjóta upp úr gólfi í íbúð sinni og til þess mundi hann nota höggvél. Væri þetta um tveggja tíma vinna og yrði framkvæmd í kvöld.

Upp úr kl. 22:00 var enn hringt frá sama húsi, og var hávaðinn þá engu minni.

Að lokum má geta þess, að margoft hefur verið kvartað til lögreglunnar bæði vegna umræddra byggingarframkvæmda svo og yfirlgangs og ónæðis frá Ólafi Rafni og hans fjölskyldu.“

Á dómskjali nr. 23, sem er bréf bæjarstjórans á Akureyri, dags. 8. október 1979, og sent aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, og gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson segir svo:

„Bæjarstjórn hefur á fundi sínum 25. september s. l. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bygginganefndar, dags. 19. september s. l.

„Þingvallastræti 22.

Tekin voru fyrir eftirtalin erindi frá eigendum hússins nr. 22 við Þingvallastræti.

Tvö bréf Danielle Somers, dags. 16. ágúst 1979, sem með fylgir bréf heilbrigðisfulltrúa, dags. sama dag.

Þrjú bréf Ólafs Rafns Jónssonar, dags. 29. ágúst, er með fylgir ljósrit bréfs, dags. 28. júní 1979, undirritað af heilbrigðisfulltrúa og starfsmanni byggingafultrúa.

Bréf Arnar Smára Arnaldssonar f. h. Grímu Guðmundsdóttur, dags. 28. ágúst.

Ennfremur liggur fyrir bréf frá Smára Sigurðssyni, starfsmanni Timburverslunarinnar Völundar h.f., dags. 4. september 1979, sem stilað er til Ólafs Rafns Jónssonar.

Framangreind bréf fjalla um gluggabreytingar á 1. hæð hússins og að

hluta í kjallara, viðbyggingu norðan húss og vegg í kjallara, sem skilur að eignarhluta Grímu Guðmundsdóttur og Danielle Somers.

Gluggabreytingar:

Bygginganefnd getur ekki samþykkt neina þá breytingu, er hafi í för með sér breytt svipmót hússins frá því, sem upphaflega var.

Hinsvegar getur bygginganefnd fallist á, að settir verði Carda-gluggar í eignarhluta Danielle Somers með eftirfarandi skilyrðum:

a) Í gluggagrindina verði settir póstar (sprossar) á sömu staði og með sama svipmóti og upphaflegu gluggarnir. Frágangur verði að öðru leyti með þeim hætti sem greinir í bréfi Smára Sigurðssonar, nema breidd pósta, sem verði 4.5 cm.

b) Gluggaísetningin verði undir umsjón löggilts meistara, er leiti samþykkis byggingafulltrúa á endanlegu útliti glugganna.

c) Gluggar skulu málaðir hvítir til samræmis við útlit annarra glugga.

Veggur í kjallara.

Upplýst hefur verið, að léttur veggur var settur í kjallaragang, meðan húsið var enn í eigu eins manns, og var á þeim tíma gert til að skilja að íbúð á 1. hæð og íbúðarherbergi í kjallara, sem hvort tveggja var leigt út. Veggur þessi var því fyrir hendi, er Danielle Somers keypti íbúð sína.

Eftir að eldur hafði komið upp, sem eyðilagði þennan vegg, var í stað hans hlaðinn annar, en að hluta var hann færður til frá því sem áður var.

Sameiginlegum töfluklefa var skipt um leið og rafmagnstafla, sem var ein fyrir allt húsið, var endurnýjuð með því að gerðar voru tvær töflur í staðinn.

Bygginganefnd telur þær breytingar, sem urðu á veggnum, eðlilegar og rétt, að hann standi áfram, en verði fullgerður beggja megin m. a. vegna eldvarna.

Viðbygging:

Í bréfi sínu, dags. 28. ágúst s. l., fer Gríma Guðmundsdóttir fram á, að viðbygging norðan húss verði endurnýjuð og færð í viðeigandi ástand, en hluta hennar lét eigandi 1. hæðar, Danielle Somers, brjóta niður, og var þar um að ræða geymslu hennar sjálfrar og sameiginlegan gang, en bílageymsla, sem er eign Grímu Guðmundsdóttur og var nyrsti hluti viðbyggingar, stendur enn.

Danielle Somers óskar hins vegar eftir því í bréf, dags. 28. ágúst s. l., að það, sem eftir stendur af viðbyggingunni, verði fjarlægt.

Ástæðan fyrir niðurbrotinu er ekki fullljós, en þó er vitað, að þak viðbyggingarinnar lak mjög, og hlutust af því óþrif og skemmdir, m. a. í einangrun þaksins.

Í ljósi þess, að viðbyggingin var reist af eiganda hússins með fullu samþykki bygginganefndar og skyldi hafa ákveðnu hlutverki að gegna, m. a. því, að innangengt væri af 1. hæð í sameiginlegt þvottahús í kjallara, lítur bygginganefnd svo á, að viðbyggingin skuli endurreist að þeim hluta, sem niður hefur verið brotin, og komið í það horf, sem samrýmist byggingareglugerð og öðrum reglugerðum þar að lútandi.

Áður en það verður gert, skulu hlutaðeigandi fá löggilta meistara til verksins, og jafnframt skulu liggja fyrir nýjar sérteikningar af þeim hlutum, sem framkvæmdir verða, og þurfa þær að hljóta samþykki byggingafulltrúa.

Vegna jarðvatnsleka inn um veggi kjallara, sem orðið hefur vart, samanber vottorð þar um, telur bygginganefnd rétt, að gerðar verði ráðstafanir til að stöðva lekann, svo sem með því að lögð verði drenlögn með þeim hluta, sem leka hefur orðið vart.“

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Þann 28. mars 1980 ritar gagnstefnandi Ólafur Rafn Jónsson Erlingi Óskarssyni, dómarafulltrúa við bæjarfógetaembættið á Akureyri, eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 37:

„Að morgni hins 28. mars, þ. e. í dag, fór ég undirritaður á fund Hreins Pálssonar, bæjarlögmanns, og lagði fyrir hann afrit af skýrslu lögregluþjóns nr. 17, Gunnars J. Jóhannssonar, dagsettri hinn 22. ágúst 1979.

Eins og skýrslan ber með sér kveðst lögregluþjónninn hafa verið kvaddur á vettvang eða eins og hann orðar það þá hafi hann farið að Þingvallastræti 22 til að athuga framkvæmdir „samkvæmt ábendingu Jóns Geirs Ágústssonar, byggingafulltrúa Akureyrarbæjar.“

Hreinn Pálsson hafði þegar tal af Jóni Geir Ágústssyni og kvaðst hann að sögn Hreins ekki minnst þess að hafa verið í sambandi við lögreglu vegna áframhaldandi aðgerða og hefði hann heldur ekki neitt fengið munnlega né skriflega frá lögreglunni um þessar aðgerðir né heldur rannsókn Gunnars J. Jóhannssonar hinn 22. 8 1979.

Reyndar taldi Jón Geir ekki ósennilegt, að lögregluþjónn þessi hefði verið kvaddur á vettvang af Grímu Guðmundsdóttur en ekki af sér, enda hafi málið áður verið afhent lögreglu af Erlingi Aðalsteinssyni, fulltrúa byggingafulltrúaembættisins.

Ekki verður annað séð né ætlað af þessu en Gunnar J. Jóhannsson lögregluþjónn nr. 17, sem er leigjandi Grímu Guðmundsdóttur, hafi farið með

ósannar fullyrðingar í skýrslu sinni, þ. e. a. s. að hann hafi farið „samkvæmt ábendingu Jóns Geirs Ágústssonar, til að athuga framkvæmdir við gluggabúnað á miðhæð hússins“ að Þingvallastræti 22.

Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við bæjarfógetaembættið að nefndur lögregluþjónn verði yfirheyrður og krafinn um það hvort ummæli hans séu sönn og rétt. Ef svo reynist ekki hlýt ég að krefjast þess að hann hljóti viðeigandi refsingu fyrir óviðeigandi afskipti af máli sem hann má stöðu sinnar vegna og vegna tengsla sinna við Grímu húsráðanda sinn alls ekki hafa.

Reynist lögregluþjónninn hafa hallað réttu máli krefst ég þess einnig að embættið sjái þá til þess að hann flytji burtu úr leiguhúsnæði þessu hið bráðasta því að hann hefur þá reynst sekur um grófa hlutdrægni í starfi og afskiptasamur úr hófi um hluti sem hann varðar alls ekkert um.

Ei það von mín og ósk til fógetaembættisins að kæru þessari verði sinnt hið skjótasta.

Í þessu viðfangi má geta þess að þetta væri þá ekki fyrsta skipti sem við verðum fyrir barðinu á lögregluþjóni þessum sbr. hjálagða kæru okkar stílaða á fógetaembættið og dagsetta hinn 4. des. '78.

Umræddur lögregluþjónn hefur hvað eftir annað haft afskipti af málinu eða öllu heldur hinum ýmsu málum er snerta andbýling okkar og viðskipti okkar við hana, þ. e. Grímu Guðmundsdóttur, húsráðanda Gunnars J. Jóhannssonar, lögregluþjóns nr. 17.

Leyfi ég mér því að endingu að biðja um skjóta afgreiðslu máls þessa.“

Þann sama dag ritar gagnstefnandi Ólafur Rafn Jónsson einnig Erlingi Óskarssyni, dómarafulltrúa við bæjarfógetaembættið á Akureyri, eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 38: „Hjálagt er að finna ljósrít af lögregluskýrslu Erlings Pálmasonar, varðstjóra, dagsettri 18. ágúst 1979, um stöðvun breytinga á húsinu Þingvallastræti 22.

Skýrsla þessi virðist mér bæði ónákvæm og jafnframt til þess fallin að vekja spurningar um það hvort rétt sé farið með lýsingu atburða eða ekki.

Vil ég einkum tilgreina orðalagið er hann segir konu mína hafa farið svo að sem hann lýsir þannig: „lét brækur síga.“ Í þessu viðfangi er mér forvitni á að vita hvort varðstjórinn treystir sér til að lýsa klæðaburði konu minnar þennan dag og þá auðvitað lit á brókum þeim sem hún þá hlýtur að hafa verið í, eftir frásögn hans að dæma a. m. k.

Ef varðstjórinn treystir sér ekki til að svara þessu þá hlýtur að ætla að hér sé ekki farið með rétt mál og er þá forvitnilegt að fá vitneskju um það hvers vegna farið sé með lygi á hendur konu minni og hvaða tilgangi slíkar lýsingar eiga að þjóna öðrum en veita höfundu þeirra etv. einhverja annarlega fróun.

Ónákvæmni er að finna í skýrslunni því að í orðaskiptum okkar í milli

um erindi lögregluþjónanna spurði ég m. a. hvers vegna þeir væru komnir á vettvang. Sagði ég þeim sem var að ég væri í símasambandi við dómarsfulltrúa þann sem var á vakt þessa helgi er umræddir atburðir gerðust. Sagði ég lögregluþjónunum er þarna voru, Gunnari J. Jóhannssyni og Karli Kristjánssyni, svo og Erlingi sjálfum að Ásgeir P. Ásgeirsson hefði látið svo um mælt að þeir mættu einungis gera skýrslu en hefðu ekki vald til að stöðva aðgerðir mínar.

Við þessi ummæli mín lýstu þeir lögregluþjónar yfir því að þeir hefðu haft samband við Ófeig Eiríksson, bæjarfógeta, en hann lá þá sjúkur, og hefði hann látið svo um mælt að aðgerðir þessar yrði að stöðva. Min spurning við þessu var og er hvorum aðilanum átti ég að treysta. Víst er að lögregluþjónarnir stöðvuðu í reynd allar frekari framkvæmdir þennan dag.

Hvaða ástæður voru fyrir því að lögregluþjónar höguðu sér ekki samkvæmt fyrirmælum frá dómarsfulltrúanum, Ásgeiri P. Ásgeirssyni, sem var ábyrgur fyrir fógetaembættinu þegar atvik þessi gerðust. Í stað þess höfðu þeir tal, símleiðis, af bæjarfógeta sjálfum, er lá sjúkur, og fóru að því er virðist eftir fyrirmælum er stungu í stúf við talsmann embættisins, Ásgeir P. Ásgeirsson.

Eru það eindregin tilmæli mín að varðstjórinn verði yfirheyrður um skýrslu sína og kannað hvort hann treystir sér til að standa við allar lýsingar sínar. Ef hann treystir sér ekki til þess, er þess hér með farið á leit að viðeigandi refsingu verði beitt fyrir ósannindi og kannað verði af hvaða hvötum eða ástæðum álognar lýsingar eru tilkomnar.

Enn fremur vil ég bera fram ákæru á hendur þrem ofangreindum lögregluþjónum fyrir átroðning á eignarhluta konu minnar þar eð þeir óðu inn á opinn gangveg bak við húsið án heimildar, en þar var áður geymsla okkar meðan viðbygging stóð.

Hefðu þeir ekki gengið inn á þetta svæði, sem er í einkaeign, hefðu þeir aldrei getað séð neitt er þeim hefði orðið tilefni til ofangreindra lýsinga. Lögregluna varðar alls ekkert um það hvort kona mín gengur alklædd í sinni eigin íbúð, því að þar á hún, eins og allir íbúðaeigendur, rétt á friðhelgi.

Loks vil ég taka fram að umrædd íbúð er eign konu minnar.

Vil ég hér með óska þess að þér bregðið skjótt við um afgreiðslu máls þessa og tryggið að lögreglan fari að lögum gagnvart öllum bæjarbúum að meðtöldum þegnum annarra þjóða búsettum hér.“

Þann 21. apríl 1980 kom fyrir dóminn sem vitni Karl J. Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri, Hamarsstíg 31, Akureyri, fæddur 4. febrúar 1935. Undir vitnið var borið dómskjal nr. 26, og kvað hann skýrsluna sannleikanum samkvæma. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa komið á vettvang í Þingvallastræti 22 þann 26. apríl 1979. Vitnið kvaðst ekki minnast þess

að hafa rannsakað, af hvers völdum gatið á veggnum hafi verið gert. Vitnið staðfesti skýrslu á dómस्कjali nr. 25 og kvað hana samda eftir bestu vitund og þekkingu. Vitnið upplýsti, að í sambandi við dómस्कjal nr. 28, að Ófeigur Eiríksson bæjarfógeti hafi gefið Erlingi Pálmasynt varðstjóra þau fyrir mæli símleidis að stöðva framkvæmdir við glugga að Þingvallastræti 22, að því er Erlingur tjáði vitninu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Björn Mikaelsson flokkstjóri, Furulundi 5 C, Akureyri, fæddur 17. janúar 1950. Vitnið staðfesti skýrslu sína á dómस्कjali nr. 36 og kvað skýrslu þessa samda eftir bestu vitund og þekkingu. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa einhvern tíma gert lögregluskýrslu um það, er verið var að hlaða millivegg í kjallara og hafi þá verið rekið í gegn um hleðslusteininn eitthvað eggjárn frá eignarhluta Danielle Somers og hafi veggur þessi, eða e. m. k. hluti hans, verið hlaðinn undir lögregluvernd.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Randversson aðstoðarvarðstjóri, Espilundi 1, Akureyri, fæddur 31. maí 1931. Vitnið staðfesti skýrslu sína á dómस्कjali nr. 26 og kvaðst hafa samið hana eftir bestu vitund og samvisku. Aðspurt kvað vitnið tónlistina hafa verið óþægilega háa og staðsetningu hljóðgjafans óvenjulega, en ekki kvaðst vitnið vilja segja um, hver hafi verið tilgangurinn með þessum tónlistarflutningi. Ekki kvaðst vitnið vita, hve lengi tónlistaflutningur þessi hafi varað, er þeir komu á staðinn, né heldur hvenær honum hafi linnt. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa kynnt sér ástand í kyndiklefanum né heldur kannað, hvort verið væri að vinna þar, en ekkert hafi bent til, að svo hafi verið. Vitnið kveðst ekki hafa rætt við gagnstefnendur í þetta sinn né fyrir þennan atburð.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Þorsteinn Pétursson flokkstjóri, Þverholti 10, Akureyri, fæddur 27. maí 1945, og staðfesti vitnið skýrslu sína á dómस्कjali nr. 22 og kveðst engu hafa við hana að bæta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður, Klapparstig 7, Akureyri, fæddur 31. janúar 1940. Staðfesti vitnið skýrslur sínar á dómस्कjöllum nr. 24, 28 og 29 og kvað þær samdar eftir bestu vitund og þekkingu og kvað engu hafa við þær að bæta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Valgeir H. Axelsson aðstoðarvarðstjóri, Kringlumýri 23, Akureyri, fæddur 14. júní 1931, og staðfesti vitnið skýrslur sínar á dómस्कjöllum nr. 27 og 30 og kvað þær samdar eftir bestu vitund og þekkingu og engu við þær hafa að bæta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Jóhannsson lögreglumaður, Þingvallastræti 22, efstu hæð, Akureyri, fæddur 7. nóvember 1957. Skýrsla vitnisins á dómस्कjali nr. 33 var borin undir vitnið, og kvaðst hann hafa samið skýrslu þessa eftir bestu vitund og þekkingu. Aðspurt um tilurð skýrslunnar kvaðst vitnið ekki muna það glögg, hvernig hún væri tilkomin,

en taldi líklegast, að hann hefði farið og athugað um framkvæmdir að boði varðstjóra, en þetta hafi hann örugglega ekki gert af sjálfsdáðum né að beiðni aðalstefnanda, en hann kvaðst sjálfur hafa reynt að halda sér frá þessum deilum eftir fremsta megni. Vitnið kvaðst hafa leigt hjá aðalstefnanda frá 1. október 1977 og oft orðið vart við hávaða frá miðhæð og kvaðst hafa séð göt á millivegg í kjallara og skemmdir á lofti í eldhúsi í kjallara og einu sinni hafi kjötleifum verið troðið meðfram hitarörum, sem liggja að rafmagnstöflukassa í kjallara. Vitnið sagði, að friðsælt hefði verið í húsinu frá lokum október sl. og ekkert óvenjulegt komið upp og enginn óþægindi verið vegna hávaða í húsinu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Vörður Leví Traustason lögreglu- maður, Krabbastíg 1, Akureyri, fæddur 21. október 1952. Staðfesti vitnið skýrslu sína á dómskjali nr. 34 og kvað hana samda eftir bestu vitund og samvisku og kvað engu við hana hafa að bæta. Vitnið kvað vegg þann, er um ræðir í skýrslunni, vera á fyrstu hæð hússins og vera á milli stiga- gangs niður í kjallara til íbúðar Dusine og herbergis í norðausturhorni íbúð- ar gagnstefnanda Danielle Somers.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Páll Eggert Þorkelsson flokkstjóri, Ásabyggð 4, Akureyri, fæddur 29. nóvember 1951, og staðfesti vitnið skýrslu sína á dómskjali nr. 35 og kvaðst engu við hana hafa að bæta.

Þann 22. apríl 1980 kom fyrir dóminn sem vitni Margrét Hallgrímsdóttir húsmóðir, Grundargerði 1 B, Akureyri, fædd 18. febrúar 1947. Vitnið stað- festi skýrslu sína á dómskjali nr. 29 og kvaðst engu við hana hafa að bæta. Þann sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kjartan Sigurðsson varðstjóri, Þórunnarstræti 125, Akureyri, fæddur 23. október 1926. Staðfesti vitnið skýrslur sínar á dómskjali nr. 22, og kvað hann þær sannleikanum sam- kvæmar og kvaðst engu við þær hafa að bæta.

Þann 2. júní 1980 kom fyrir dóminn aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdótt- ir húsfú, Þingvallastræti 22, Akureyri, fædd 19. apríl 1910. Voru dóm skjöl nr. 1, 2, 20, 22, 24, 25, 26, 27, 29, 30, 32, 33, 34, 35 og 36 lesin í heyranda hljóði fyrir mættu (sic), og kvað hún gögn þessi sannleikanum samkvæm. Dóm skjöl nr. 40, 41 og 42 voru borin undir mættu (sic), og kvað hún gögn þessi sannleikanum samkvæm eftir því sem hún gæti best um borið. Aðspurð kvaðst aðalstefnandi ekki hafa notað sjálf þvottahúsið í kjallara hússins til þvotta, frá því að Jón Ágústsson keypti miðhæðina í kringum 1970. Aðspurð kvað hún hvorki bað né sturtu í kjallaraíbúðinni og ekki hafi verið heitt vatn í kjallaraíbúðinni, fyrr en hitaveitan hafi komið í fyrra eða hitteð- fyrra. Hún upplýsti, að aldrei hafi verið sótt um leyfi til byggingaryfirvalda, er veggurinn var reistur í kjallara, að því er hún myndi. Aðspurð um meinta íkveikju Danielle Somers kvað mætta (sic), að slökkviliðið hafi sagt, að eldur- inn, sem kviðnaði, væri íkveikja, og frekar kvaðst hún ekki geta látið eftir

sér hafa um það annað en slökkviliðið segði. Hún kvaðst aðspurð hafa tvívegis lánað manni, sem Arnar heiti, bílskúr sinn, en hann sé tengdasonur systur sinnar, og hafi hann fengið bílskúrinn til þess að dytta smávegis að bifreið sinni fyrir jólin og hafi hún ekki tekið neina leigu fyrir lánið.

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, kveður ljóst, að núverandi ástand sé óþolandi fyrir aðalstefnanda, sem verði fyrir stöðugum óþægindum og meingerðum af hálfu gagnstefnanda. Tilraunir til þess að fá þau til að breyta háttum sínum hafi allar reynst árangurslausar. Hafi þau raunar lýst því, að þau muni í öllu fara sínu fram án tillits til þess, hvort það sé lögmætt eða ekki, og hafi það reynst orð að sönnu. Krafan um, að þau flytji úr íbúð sinni, eigi sér stoð í 17 gr. laga nr. 59/1976. Sýknukröfu sína í gagnsök byggir aðalstefnandi á því, að gagnstefnendur hafi með framkomu sinni í garð aðalstefnanda firrt sig öllum rétti til búsetu í fasteigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, en aðalstefnandi hafi í engu orðið sekur um meingerðir í garð gagnstefnanda.

Nýting aðalstefnanda á fasteign sinni sé alfarið innan þeirra takmarka, sem lög um fjölbýlishús setji henni.

Sýknukrafa gagnstefnanda er á því byggð, að þau hafi ekki brotið af sér neitt það, er gefi tilefni til þess, að þau flytji af eign sinni. Þvert á móti fullyrða þau, að aðalstefnandi hafi með dæmalausri hegðan sinni valdið þeim ágreiningi og vandræðum, sem nú eru á öllum sambýlisháttum í húsinu nr. 22 við Þingvallastræti. Hafi einhver tilefni gefist til aðfinnslu í þeirra garð, þá hafi slikt ávallt verið afleiðing af athöfnum aðalstefnanda.

Málavaxtalýsingu og málsrökum aðalstefnanda í stefnu og greinargerð er mótmælt sem röngum, og sérstaklega er þeim fullyrðingum mótmælt, að gagnstefnendur hafi itrekað lokað fyrir vatn í vatnsleiðslu, sprautað vatni í verulegu frosti á tröppur aðalstefnanda eða hent óþverra eða hamarshausum inn í íbúðina í kjallara hússins.

Málsrök gagnstefnanda fyrir kröfum í gagnsök eru þau, að gagnstefnda hafi með hegðan sinni vanvirt og þverbrotið allar reglur og lög um sambýlisháttu í fjölbýlishúsum og þannig fyrirgert rétti sínum til frekari dvalar í húsinu. Um frekari málsrök og lýsingar á ávirðingum gagnstefndu vísast til stefnu, sbr. dómskjal nr. 4, og dómskjala nr. 6, 9 og 13.

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið í málavaxtalýsingu samkvæmt málsskjölum, virðist ósamkomulag málsaðilja hafa stigmagnast eftir brunann í kjallara hússins að Þingvallastræti 22, Akureyri, þann 26. júlí 1977 og eftirfarandi sakadómsrannsókn og endurreisn hins brunna veggjar. Svo og hafa

afnot þvottahúss í kjallara hússins valdið ágreiningi og einnig niðurbrot gagnstefnanda Ólafs Rafns Jónssonar á þaki á milli bílskúrs aðalstefnanda og íbúðarhússins.

Breyting og endurbætur gagnstefnanda á íbúð þeirra hafa einnig leitt til afskipta lögreglu svo og kærur aðalstefnanda út af hávaða frá eignarhluta gagnstefnanda Danielle Somers, einnig meint árás hennar á aðalstefnanda og fleira, sem rakið hefur verið hér að framan.

Hefur aðalstefnandi snúið sér til lögreglunnar á Akureyri með kærur sínar, en gagnstefnendur hafa snúið sér til bæjarfógetans á Akureyri eða fulltrúa hans með kærur sínar, eins og fram kemur í lýsingu málavaxta.

Varðandi kærur aðalstefnanda er rétt að hafa það í huga, að lögregluskýrslur hafa ekki verið teknar af kærðu, gagnstefnendum, fyrir utan það, er þau voru leidd fyrir sakadóm Akureyrar vegna títtnefnds bruna, þannig að sjónarmið gagnstefnanda eða tilgangur með aðgerðum, sem kært hefur verið út af, hefur ekki komið fram, nema þegar lögregluskýrslur þera það glöggð með sér. Hið sama má segja um kærur gagnstefnanda, þó svo að þar sé í tilvikum að finna svör við kærum aðalstefnanda.

Í ljósi þeirra staðreynda ber að meta sönnunargildi kærna aðilja hvors í annars stað.

Um kröfu aðalstefnanda í aðalsök.

Samkvæmt framburði Gunnars Jóhannssonar lögreglumanns hér fyrir dómi, sem verið hefur leigjandi aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, frá 1. október 1977, hefur verið friðsælt í húseigninni Þingvallastræti 22 frá lokum október sl. og ekkert óvenjulegt komið upp og engin óþægindi verið vegna hávaða í húsinu, þó svo að hann hafi oft orðið var við hávaða frá miðhæð hússins áður. Upplýst er samkvæmt gögnum málsins, að gagnstefnendur hafa staðið í viðgerðum og endurbótum á eignarhluta Danielle í húsinu og hafa fengið til þess leyfi bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. dómskjal nr. 23, jafnframt er ljóst, að niðurbrot gagnstefnanda á þaki viðbyggingar var ekki með vilja og samþykki aðalstefnanda, en er tilkomið sennilega vegna þess, að vitað var, „að þak viðbyggingarinnar lak mjög, og hlutust af því óþrif og skemmdir, m. a. í einangrun þaksins“, sbr. dómskjal nr. 23, og standa aðalstefnanda opnar leiðir til þess að leita réttar síns skv. hegningarlögum og skaðabótarétti út af niðurbroti þessu. Sama má segja um vegg þann, er reistur var í kjallara hússins eftir brunann, sem standa skal og fullgera, sbr. dómskjal nr. 23.

Hvað sem liður réttmæti hinna ýmsu ásakana og kærna aðalstefnanda á hendur gagnstefnendum, þykir dóminum ekki rétt að taka til greina kröfu hennar, að gagnstefnendur flytji brott úr íbúð gagnstefnanda Danielle Somers skv. 17. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús með vísan til framburðar Gunnars Jóhannssonar, sem hér að framan er rakinn, svo og til

þess rasks, sem slíkt hefði í för með sér, þar sem fram kemur í gögnum málsins, að gagnstefnendur eiga ung börn.

Um kröfu gagnstefnenda.

Hvað sem liða kann um réttmæti ásakana gagnstefnenda á hendur aðalstefnanda, þá getur dómurinn ekki fallist á kröfu þeirra, að aðalstefnanda verði gert að flytja úr íbúð sinni að Þingvallastræti 22, Akureyri, skv. 17. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976 þegar af þeirri ástæðu, að friðsælt hefur verið í húsinu frá októberlokum sl. skv. framburði Gunnars Jóhannssonar lög-
reglumanns, sem hér að framan hefur verið rakinn.

Ekki getur dómurinn fallist á þá kröfu gagnstefnenda, að aðalstefnanda sé óheimilt að leigja út herbergi í kjallara sem íbúð eða íbúðarherbergi, þar sem sú krafa er ekki studd neinum haldbærum gögnum, né heldur að aðalstefnanda sé óheimilt að leigja út bílskúr á lóð hússins til bifreiðaviðgerða eða annarra nota, sem er umfram almennan rétt íbúðareigenda í fjölbýlishúsi til hagnýtingar bílageymslu á sameiginlegri lóð, þegar af þeirri ástæðu, að aðalstefnandi heldur því fram og því ekki verið hnekkt, að hún hafi tvívegis lánað tengdasyni systur sinnar bílskúrinn fyrir jólin til þess að dytta að bifreið sinni og enga leigu tekið fyrir.

Úrslit máls þessa verða því, að í aðalsök eru aðalstefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, sýknuð af kröfu aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, að þau flytji úr íbúð Danielle Somers á miðhæð húseignarinnar að Þingvallastræti 22, Akureyri, og í gagnsök, að gagnstefnda, Gríma Guðmundsdóttir, verði sýknuð af kröfu gagnstefnenda, Ólafs Rafns Jónssonar og Danielle Somers Jónsson, að henni verði gert að flytja brott úr húseign sinni að Þingvallastræti 22, Akureyri, og henni óheimilt að leigja út íbúðarherbergi í kjallara hússins.

Með vísan til þessara úrslita málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Lögmaður aðalstefnanda var Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður og lögmaður gagnstefnenda var Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndu, Ólafur Rafn Jónsson og Danielle Somers Jónsson, skulu vera sýkn af kröfu aðalstefndu (sic), Grímu Guðmundsdóttur.

Gagnstefnda, Gríma Guðmundsdóttir, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Ólafs Rafns Jónssonar og Danielle Somers Jónsson.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.